FRÉTTABLAÐIÐ
214. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. SEPTEMBER 2018

# Biðla til bankanna


Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW


Liv Bergþórsdóttir, stjórnarformaður WOW

**WOW air leitar liðsinnis stóru bankanna til að tryggja að lágmarksstærð skuldabréfaútboðs félagsins verði náð. Bankastjórar funduðu með ráðgjöfum og stjórnendum félagsins í gær. Stjórn WOW air fundaði stíft um stöðu mála allan gærdaginn. Stefnt að því að ljúka útboðinu fyrir helgi.**

» Krónan hefur lækkað um tæp 6 prósent gagnvart evru frá mánaðamótum.

» Hlutabréfaverð Icelandair hækkaði um nærri 10 prósent í gær.

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur og ráðgjafar WOW air ræða nú við forsvarsmenn stóru bankanna þriggja um mögulega aðkomu þeirra að fjármögnun flugfélagsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Einn af þeim möguleikum sem flugfélagið skoðar nú af alvöru er að leita liðsinnis bankanna til þess að tryggja að lágmarksstærð yfirstandandi skuldabréfaútboðs félagsins, sem er jafnvirði um 5,5 milljarða króna, verði náð.

Bankarnir þrír – Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn – skoða nú hugsanlega aðkomu sína að útboðinu en ákveði þeir að leggja WOW air til það fjármagn sem upp á vantar eru vonir bundnar við að aðrir fjárfestar taki þátt í útboðinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um hve mikið fjármagn bankarnir þurfa að lána flugfélaginu, þannig að lágmarki útboðsins verði náð, en að sögn kunnugra er um að ræða milljarða króna.

Bankastjórar bankanna funduðu með stjórnendum WOW air og fulltrúum Arctica Finance, ráðgjafa flugfélagsins, á skrifstofum síðastnefnda félagsins í turninum við Höfðatorg eftir hádegi í gær. Norska verðbréfafyrirtækið Pareto hefur yfirumsjón með skuldabréfaútboðinu, sem hófst í lok síðasta mánaðar, en Arctica Finance hefur hjálpað flugfélaginu við að kynna útboðið fyrir innlendum fjárfestum.

Viðmælendur Fréttablaðsins, sem þekkja vel til stöðu mála, segja að stjórnendur og ráðgjafar WOW air hafi orðið bjartsýnni um framgang útboðsins eftir því sem leið á gærdaginn en unnið er að því að ljúka útboðinu – með markaðsfjármögnun – fyrir helgi. Stjórn WOW air fundaði jafnframt stíft um stöðu mála í turninum við Höfðatorg frá morgni til kvölds í gær. Þá herma heimildir Fréttablaðsins að Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi WOW air, og lögmaður flugfélagsins, Páll Rúnar Mikael Kristjánsson, hafi setið fund í húsakynnum Samkeppniseftirlitsins síðla gærdagsins. Ekki hafa fengist upplýsingar um efni fundarins.

Rekstrarumhverfi WOW air hefur versnað til muna undanfarið en til marks um það spá greinendur Pareto því að félagið skili tapi upp á 3,3 milljarða króna í ár. Ekkert lát er á hækkun olíuverðs, en olíukostnaður er næststærsti kostnaðarliður flugfélagsins, og hefur hækkunin numið yfir 11 prósentum á undanförnum fjórum vikum.

Fulltrúar stjórnvalda fylgjast náið með stöðunni en þeir funduðu vegna málefna WOW air um síðustu helgi. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, hefur sagt mikilvægt að stjórnvöld skoði afleiðingar þess að flugfélögin yrðu fyrir áföllum. Hins vegar standi ekki til að ríkið hlaupi undir bagga.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vildu ekki tjá sig um málið. Ekki náðist í Þórdísi Kolbrúnu. **– hae, kij**



## Hvað þýða fjárlög fyrir þig?

**ALÞINGI** Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var kynnt í gær. Fréttablaðið lítur yfir það sem þar er að finna og greinir hvað er jákvætt fyrir heimilisbókhaldið og hvað er neikvætt. Á meðal þess jákvæða er hækkun persónuafsláttar umfram hækkun í samræmi við neysluverð og hækkun vaxtabóta. Sé litið á neikvæðu hliðina má hins vegar finna hækkun olíugjalds og sérstaks vörugjalds af bensíni sem og auknar greiðslur til Ríkisútvarpsins frá almenningi. **– sa, sar / sjá síðu 6**



## Ber sig vel þrátt fyrir tapið í gær

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir 0-3 tap fyrir Belgíu í gær bar Erik Hamrén sig vel og sagði frammistöðuna miklu betri en í 6-0 tapinu fyrir Sviss.


Erik Hamrén, þjálfari íslenska landsliðsins

„Þetta var fín frammistaða þótt við höfum tapað og nauðsynleg eftir útreiðina sem við fengum í Sviss. Þó að við höfum tapað leiknum þá tökum við heilmikið úr þessum leik. Við unnum vel í okkar málum og lékum heilt yfir vel gegn einu besta liði heims," sagði landsliðsþjálfarinn.**— kpt / sjá síðu 12**









## Veður




Þokkalegt haustveður í dag. Hægur vindur á landinu og bjart með köflum, en smáskúrir á víð og dreif. Hiti 6 til 12 stig. SJÁ SÍÐU 16

## Þing sett



Guðni Th. Jóhannesson forseti og Agnes M. Sigurðardóttir biskup voru viðstödd þegar Alþingi var sett í gær. Í ræðu sinni sagði forsetinn að þótt Ísland væri ein hamingjusamasta þjóð í heimi mætti ekki gleyma vanda sem steðjaði að mörgum, kvíða og vanlíðan. Forsetinn minntist einnig Stefáns Karls Stefánssonar leikara sem lést nýverið og baráttu hans fyrir betri heimi. Sagði Íslendinga geta lært margt af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Dómaraefni fara fram á tugi milljóna í bætur

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli héraðsdómarans Jóns Höskuldssonar gegn ríkinu var í gær. Aðalmeðferð í máli Eiríks Jónssonar prófessors gegn sama aðila er í dag. Mennirnir sóttu um stöðu landsréttardómara og voru í hópi fimmtán sem dómnefnd mat hæfasta. Dómsmálaráðherra vék frá mati dómnefndar í fjórum tilfellum og úr varð að Eiríkur og Jón voru ekki skipaðir.

Jóhannes Rúnar Jóhannesson lögmaður og Ástráður Haraldsson héraðsdómari höfðu áður stefnt ríkinu til viðurkenningar á skaðabótaskyldu og greiðslu miskabóta vegna sama máls. Hæstiréttur sýknaði ríkið af skaðabótakröfunni en dæmdi hvorum um sig 700 þúsund krónur í miskabætur.

Krafa Jóns hljóðar upp á tugi milljóna. – **jóe**

# Neituðu sök í gagnaversmáli

**DÓMSMÁL** Sakborningarnir sjö í svokölluðu gagnaversmáli neituðu allir sök við þingfestingu í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Þeir eru ákærðir fyrir stórfelldan þjófnað á tölvubúnaði úr gagnaverum í Reykjanesbæ og Borgarnesi síðasta vetur. Í innbrotunum var tölvubúnaði fyrir 42,5 milljónir króna stolið en tjónið af völdum brotanna er metið á 78 milljónir króna, segir í ákærunni.

Tveir sakborninganna hafa verið í farbanni undanfarna mánuði, en annar þeirra var leystur úr farbanninu við þingfestinguna. Sindri Þór Stefánsson, sem strauk úr fangelsinu að Sogni, verður áfram í farbanni.

Verjendur fjögurra sakborninga fóru fram á frest til að skila greinargerð í málinu. Dómari heimilaði frestinn og verður fyrirtaka þann 4. október næstkomandi. – **sks, þea**

# Aðgerðir til að efla íslenskt mál

**MENNING** Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra kynnir í dag aðgerðir stjórnvalda sem miða að því að styrkja íslenska tungu. Aðgerðirnar verða kynntar á blaðamannafundi í Veröld – húsi Vigdísar í dag klukkan 14.00.

Í tilkynningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu segir að til grundvallar aðgerðunum sé vilji stjórnvalda til að tryggja framtíð íslenskunnar, meðal annars með stuðningi við íslenska bókaútgáfu, einkarekna fjölmiðla, máltækni og menntun. – **khn**



**Lilja Alfreðsdóttir.**

# Skeljungur veðjar á vinsældir vetnisins

**Þriðja vetnisstöð Orkunnar verður opnuð við Miklubraut um áramótin. Aðeins fimmtán vetnisbílar eru á Íslandi en bílaframleiðandinn Hyundai veðjar á auknar vinsældir orkugjafans í baráttunni við að leysa jarðefnaeldsneyti af hólmi.**

**SAMGÖNGUR** Þriðja vetnisstöð Orkunnar verður opnuð á lóð fyrirtækisins við Miklubraut í Reykjavík um næstu áramót. Í dag eru aðeins 15 vetnisbílar í notkun á Íslandi en Skeljungur veðjar á að vetnisbílar muni geta leyst af hina hefðbundnu bensín- og dísilbíla.

Rafmagnsbílar og raftvinnbílar ýmiss konar hafa notið sívaxandi vinsælda á undanförnum árum og gríðarleg aukning hefur orðið í sölu slíkra bíla. Líkt og rafbíllinn fyrir nokkrum árum eru vetnisbílar að ganga í endurnýjun lífdaga.

Ingunn Agnes Kro, framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins, dótturfélags Skeljungs, segir vetnisbílana sem nú eru í umferð að mestu í notkun hjá fyrirtækjum og stofnunum.

„Síðan er Strætó að fara að koma inn með fimm vagna í lok næsta árs eða byrjun 2020 svo það verður mikil aukning samhliða því og í haust kemur framleiðslulína frá Hyundai svo það gætu verið að koma inn 10-30 fleiri bílar innan árs. En svo fer þetta eftir eftirspurn,“ segir hún um vetnisuppbygginguna. Hún lítur ekki svo á að vetnið eigi undir högg að sækja gagnvart rafmagninu sem hafi nú þegar nokkurra ára forskot í innviðauppbyggingu. Ingunn segir að litið sé svo á að rafmagnsbíllinn og vetnisbíllinn vegi hvor annan upp að sama markmiði.

„Í raun væri besta útgáfan tvinnbíll vetnis og rafmagns. Þá ækir þú innanbæjar á rafmagninu og lengri leiðir á vetninu,“ segir Ingunn. „Úti í heimi er verið að veðja á að minni bílar verði rafmagnsbílar en stærri fólksbílar, trukkar, flugvélar og skip fari á endanum yfir á vetni.“

Hyundai varð fyrsti bílaframleiðandinn til að fjöldaframleiða vetnisbíla og væntanleg er ný lína vetnisbíla á árinu sem á að draga 600 til 800 kílómetra á umhverfisvænum orkugjafa.

Aðspurð segir Ingunn að þar sem hægt sé að komast lengra á vetnisbílum en til að mynda rafbílum þá þurfi ekki eins margar stöðvar. En vissulega þurfi að bæta við til að ná hringinn um landið. Þá sé verið að skoða hugmyndir um umhverfisvænni leiðir til að flytja vetnið frá Hellisheiðarvirkjun. Meðal annars með lögnum.

Fyrir voru vetnisstöðvar við Vesturlandsveg og í Reykjanesbæ.

mikael@frettabladid.is




Vetnisbílar hafa gengið í endurnýjun lífdaga, Margir spá því að þeir verði ofan á í kapphlaupinu við að leysa jarðefnaeldsneyti af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Umhverfisvænn innlendur orkukostur

- Eini útblástur vetnisbíla er hreint vatn
- Sama drægi og eldsneytisbílar
- Sami áfyllingartími og eldsneytisbílar
- Verð á vetni sambærilegt eldsneyti
- Fyrstu vetnisbílarnir gætu orðið dýrir

**Úti í heimi er verið að veðja á að minni bílar verði rafmagnsbílar en stærri fólksbílar, trukkar, flugvélar og skip fari á endanum yfir á vetni.**



Ingunn Agnes Kro, framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins



# „Reksturinn nýtur þess strax að við fórum í 360° samtalið“

360° samtal fyrirtækja er tækifæri til að fara yfir reksturinn og framtíðaráætlanir hjá þínu fyrirtæki. Að auki færðu yfirsýn yfir öflugar og sérsniðnar lausnir Landsbankans fyrir fyrirtæki af öllum stærðum. Kynntu þér 360° samtal hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans.



# Hagar og Olís sameinast í eitt félag

**VIÐSKIPTI** Hagar og Samkeppniseftirlitið (SKE) undirrituðu í gær sátt um skilyrði fyrir kaupum Haga á Olíuverslun Íslands og fasteignafélaginu DGV. Kaupsamningar um viðskiptin voru undirritaðir 26. apríl 2017 með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki SKE og samþykki hluthafafundar Haga fyrir aukningu hlutafjár. Fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar var aflétt þann 13. júlí 2017 og hlutafjáraukning var samþykkt á aðalfundi Haga árið 2018.

Hagar hafa samþykkt að falla frá sölu- og framsalsbanni sem fram kom í kaupsamningi. Samkvæmt sáttinni er Högum óheimilt að framkvæma samrunann fyrr en sölu fyrrgreindra eigna er lokið. Hagar hafa nú þegar undirritað kaupsamninga um allar framangreindar eignir. Samruninn kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en SKE hefur metið hæfi kaupenda eignanna. Á næstu vikum mun SKE meta hæfi kaupenda. Gert er ráð fyrir að samlegðaráhrifin nemi um 600 milljónum króna á ársgrundvelli. **– þfh**


Finnur Árnason, forstjóri Haga.

## Helstu skilyrði fyrir samrunanum:

- Bjóða sama verð á dagvöru á Olís-stöðvum um land allt.
- Selja nýjum endurseljendum eldsneytis, sem eftir því leita, eldsneyti í heildsölu á viðskiptalegum grunni.
- Selja rekstur og fasteign félagsins að Faxafeni 14, þar sem verslun Bónuss er starfrækt.
- Selja rekstur og fasteignir Olís-þjónustustöðvanna við Háaleitisbraut 12 og Vallargrund 3.
- Selja rekstur verslana Bónus að Hallveigarstíg 1 og Smiðjuvegi 2.
- Selja rekstur Olís-verslunarinnar í Stykkishólmi.
- Selja rekstur og aðstöðu ÓB-stöðvar við Starengi 2, Kirkjustétt 2-5 og Knarrarvog 2 í Reykjavík.
- Annar seljenda Olís, FISK-Seafood ehf., skuldbindur sig gagnvart SKE til að selja að hluta þann eignarhlut í Högum sem hann fær afhentan skv. kaupsamningi.

## Forseti á Héraði

**BESSASTAÐIR** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og kona hans, Eliza Reid, eru í heimsókn á Austurlandi þessa dagana.


Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

Heimsókn forsetahjónanna hófst í gær með kvöldverði með íbúum á Borgarfirði eystra í félagsheimilinu Fjarðarborg. Fyrr um daginn var forsetinn við setningu Alþingis við Austurvöll.

Í dag og á morgun er þétt dagskrá víða um Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp. Fjölskylduhátíð verður í kvöld í Valaskjálf. „Íbúar eru hvattir til að koma í Valaskjálf og spjalla við forsetann og forsetafrúna yfir kaffibolla,“ segir á vef Fljótsdalshéraðs. **– gar**

## Í farbanni fyrir kreditkortasvik

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur karlmaður sætir farbanni grunaður um að hafa keypt flugmiða með stolnum kortaupplýsingum og ferðast um heiminn. Hann var handtekinn við komu til landsins í lok ágúst og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 5. september. Að því loknu í farbann til 19. september. **– smj**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Umdeildar leiguþyrlur fá grænt ljós frá áhöfnum Gæslunnar

**Áhafnir þyrlusveita Landhelgisgæslunnar eru nú sagðar sáttar við tvær Airbus-þyrlur sem gerður var leigusamningur um í maí. Formaður flugöryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna segir ekki forsendur til að efast um öryggi þeirra eftir ráðstafanir Airbus.**


**Super Puma af þeirri gerð sem leysa á tvær núverandi þyrlur Landhelgisgæslunnar af hólmi.**

**FLUGMÁL** „Ég býst við að Landhelgisgæslan taki þessar þyrlur,“ segir Ingvar Tryggvason, formaður öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Landhelgisgæslan samdi í maí um að fá til sín nýrri gerð af Airbus Super Puma H225 þyrlum í stað tveggja eldri sem hér eru. Gerðin sem er væntanleg á ekki upp á pallborðið í Bretlandi og Noregi eftir mannskæð slys í þessum löndum 2009 og 2016. Eftir að herþyrla með gírkassa frá Airbus hrapaði í Suður-Kóreu um miðjan júlí kallaði Ingvar eftir því að Landhelgisgæslan endurmæti stöðuna.

Walter Erhart, þyrluflugstjóri og staðgengill flugrekstrarstjóra, segir að þyrluáhafnir Landhelgisgæslunnar hafi á dögunum fengið ítarlega kynningu á eiginleikum og getu Super Puma H225 þyrlanna. „Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um komu þeirra en ég yrði mjög ánægður ef svo yrði. Að kynningu lokinni var ekki annað að sjá og heyra en að áhafnarmeðlimir teldu komu vélanna vera ákaflega heillavænlegt skref fyrir Landhelgisgæsluna,“ segir Walter.

> **Airbus er hreinlega búið að taka þessa legu úr umferð og þar með eru menn í raun og veru búnir að leysa þetta vandamál.**
>
> Ingvar Tryggvason, formaður öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna



„Menn náttúrlega hrukku í kút þegar þetta gerðist í Suður-Kóreu en það blasir núna við að það er allt önnur atburðarás þar. Við vitum að þetta var ekki gírkassinn sem gaf sig – það er alveg á hreinu,“ segir Ingvar.

Slysin í Noregi og Skotlandi eru einmitt rakin til galla í gírkassa. Ingvar segir orsökina hafa verið slit í legum gírkassans. Tvö fyrirtæki hafi framleitt legurnar og Airbus hafi hætt viðskiptum við það fyrirtæki sem framleiddi legurnar sem voru í þyrlunum sem fórust.

„Airbus er hreinlega búið að taka þessa legu úr umferð og þar með eru menn í raun og veru búnir að leysa þetta vandamál,“ segir Ingvar.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í júlí telur rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi, sem skilaði skýrslu um slysið 2016, að Airbus þyrfti að endurhanna gírkassann. „Rökstuðningurinn að baki þeirri tillögu er dálítið í uppástungustíl,“ segir Ingvar um þetta.

Ingvar og Walter minna á að Flugöryggisstofnun Evrópu og eftirlitsaðilar allra landa hafi gefið óskert leyfi til flugs á þyrlunum.

„Það er ekkert á borðinu sem vefengir eða truflar það mat og mér heyrist að flugmenn Gæslunnar séu sáttir við farveginn sem málið er í. Og fyrir okkar leyti þá berum við alveg fullt traust til tæknistjóra og flugrekstrarstjóra Gæslunnar um að taka ákvarðanir í þessa veru,“ segir formaður flugöryggisnefndar FÍA.

Ekki fékkst staðfest í gær hjá Landhelgisgæslunni hvort endanleg ákvörðun hefði verið tekin um að leigja umræddar þyrlur.

**gar@frettabladid.is**

fiat.is

FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

AÐEINS 10 BÍLAR Á ÞESSU EINSTAKA VERÐI FRÁ
1.790.000 KR.



5 ÁRA ÁBYRGÐ
TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.790.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



SUNDAY þriggja sæta sófi. Grænn. L 225 cm. 129.900 kr. Nú 79.900 kr. Hægindastóll. 49.900 kr. Nú 29.900 kr.

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

## 25-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
## LÝKUR SUNNUDAGINN 16. SEPTEMBER



**STORY** stóll. Svartur. 14.900 kr. Nú 8.900 kr.



**CAROLINA** stóll. Blátt áklæði, svartir fætur. 12.900 kr. Nú 8.900 kr.



**BAILEY** stóll. Svartur með viðarfótum. 16.900 kr. Nú 9.900 kr.



**MOON NY** stóll. Grá seta, eikarfætur. 17.900 kr. Nú 9.900 kr.



**PARIS** stóll. Svört eða hvít seta, viðarfætur. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.



**COPPER** hnífur, matskeið eða gaffall. 395 kr./stk. Nú 195 kr./stk. Teskeið. 295 kr. 156 kr.



**MAJESTIC OG CRISS** sessa. Ø45 cm. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.



**CHARME** hvítvíns eða rauðvínsglas. 495 kr./stk. Nú 346 kr./stk. Kampavínsglas 395 kr. 276 kr.



**CHILL** grjónapúði. Ýmsir litir. 82x98x75 cm. 24.900 kr. Nú 14.900 kr.




**SKAGWAY** glas. 50 cl. Grænt, blátt eða reyklitað. 1.295 kr. Nú 595 kr.




**DERRIS** Kanna. 37 cl. 1.295 kr. Nú 595 kr. Hliðardiskur. 1.795 kr. Nú 895 kr. Matardiskur. 1.995 kr. Nú 995 kr. Skál. 1.795 kr. Nú 895 kr.




©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsingar villur.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró VALITOR

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM**.COM/ILVAISLAND

# FJÁRLÖG 2019

## Lykiltölur úr fjárlagafrumvarpi 2019

**29 milljarðar**
króna er áætlað að verði afgangs af rekstri ríkissjóðs á árinu 2019.

**55 milljarða**
króna aukning verður á heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2019 miðað við árið í ár.



**892 milljarðar**
króna verða heildartekjur ríkissjóðs, 52 milljarða króna aukning verður á heildartekjum ríkissjóðs 2019 miðað við árið í ár.

**25,4 milljörðum**
króna verður varið til húsnæðisstuðnings, þar á meðal í formi húsnæðisbóta, stofnframlaga til bygginga almennra íbúða og til vaxtabóta.



**230 milljörðum**
króna verður varið til heilbrigðismála á næsta ári og þar af 7,2 milljörðum til uppbyggingar Landspítala við Hringbraut.



**59 milljarða** króna mun ríkissjóður greiða í vaxtagjöld á árinu vegna skulda sinna.

**31%**
er hlutfall skulda ríkisins af landsframleiðslu en var árið 2011 um 85% sem hlutfall af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun vaxtaberandi skulda á árinu 2019 og þar með lækkun vaxtagjalda.



# Skuldir ríkisins fari undir viðmið 2019

**29 milljarða króna afgangur verður af rekstri ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Fjármálaráðherra segir ríkisfjármálin standa á traustum grunni og að áfram séu skuldir greiddar niður. Heildartekjur ríkissjóðs verða 892 milljarðar.**

„Þetta fjárlagafrumvarp segir okkur að ríkisfjármálin standa á mjög traustum grunni. Áfram er haldið uppbyggingu á mikilvægum sviðum samfélagsins. Ég nefni þar sérstaklega heilbrigðis- og velferðarmálin en sömuleiðis samgöngu- og menntamál,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, um fjárlagafrumvarp næsta árs sem kynnt var í gær.

Samkvæmt frumvarpinu verður 29 milljarða króna afgangur af rekstri ríkissjóðs á næsta ári. Er það í samræmi við markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Heildartekjur ríkissjóðs verða tæpir 892 milljarðar samkvæmt frumvarpinu en heildarútgjöld tæpir 863 milljarðar, þar af rúmir 59 milljarðar í vaxtagjöld. Bjarni segir það jákvætt að á sama tíma og verið sé að skila afgangi sé einnig haldið áfram að greiða niður skuldir.

„Við erum að njóta góðs af því að hafa lagt áherslu á varfærni á undanförnum árum. Við höfum greitt upp 660 milljarða af skuldum og um 140 milljarða inn á lífeyrisskuldbindingar sem skilar betra lánshæfismati, lægri vaxtagjöldum og auknu svigrúmi almennt.“

Í lögum um opinber fjármál er sett fram það viðmið að skuldir hins opinbera fari ekki yfir 30 prósent af vergri landsframleiðslu. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu mun það markmið nást í fyrsta skipti á næsta ári.




**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði aðgerðir í frumvarpinu ætlaðar til að koma til móts við kröfur aðila vinnumarkaðarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það munar tugum milljarða hvað vaxtagreiðslur eru lægri í dag en þær voru fyrir nokkrum árum. Við höfum í reynd verið að nýta það svigrúm, til að mynda í heilbrigðis- og menntamálin á yfirstandandi ári. En við munum ekki geta haldið áfram að auka útgjöldin til þessara málaflokka á sama hraða á næstu árum meðal annars vegna þess að það er aðeins að draga úr hagvextinum.“

Í frumvarpinu er að finna aðgerðir sem ætlað er að koma til móts við kröfur aðila vinnumarkaðarins í aðdraganda kjarasamninga. Þannig á að hækka persónuafslátt umfram neysluverðsvísitölu, hækka barnabætur til tekjulægri hópa og breyta viðmiðum fjárhæðarmarka tekjuskattsþrepa. Þá verður tryggingagjald lækkað í tveimur þrepum, samtals um hálft prósentustig.

„Allt eru þetta aðgerðir sem við grípum til eftir að hafa sest niður með aðilum vinnumarkaðarins og ég tel að ætti að falla í góðan jarðveg hjá þeim. Í sjálfu sér stendur afgangurinn í þessu fjárlagafrumvarpi alveg á línunni við fjármálaáætlun þannig að það er ekkert svigrúm þar. Það er samt engin ástæða til að ætla að stjórnvöld geti ekki brugðist við einu eða neinu ef á þarf að halda. En auðvitað er það fyrst og fremst atvinnurekenda og stéttarfélaga að ná niðurstöðu um kjaramál,“ segir Bjarni. sighvatur@frettabladid.is

**Ekki á að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Auknar álögur eru boðaðar með hækkun á nefskatti til RÚV og kolefnisgjaldi. Hlægilegt er að státa af 4% hækkun persónuafsláttar þegar raunin er að 3% af þessum 4% er vísitöluhækkun. Eins og forsætisráðherra hefur sagt þá getur fátækt fólk ekki beðið lengur eftir réttlæti.**

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins



**Efnahagshorfur eru brothættar samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Verðbólguvítahringnum er viðhaldið með hækkun á ýmsum gjöldum. Allir fá auka 500 kr. í persónuafslátt. Barna- og vaxtabætur hækka þrátt fyrir að stjórnin hafi þvertekið fyrir það í fjármálaáætlun. Bjarni tapaði þeim slag.**

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata



**Fjárlögin koma lítið á óvart enda byggð á málamiðlunum tveggja gjörólíkra flokka. Ekki virðist eiga að taka á húsnæðisvandanum en stuðningur minnkar. Háskólar fá helmingi minna en lofað var. Tekjustofnar eru veiktir – veiðileyfagjaldið lækkar um 3 milljarða og aldraðir og öryrkjar sitja á hakanum.**

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar



**Það veldur mér áhyggjum að sjá að eftir metútgjaldaaukningu síðustu fjárlaga sé enn bætt í án þess að merki séu um að stjórnin fái meira fyrir peninginn. Þvert á móti eru settir peningar í að gera báknið óskilvirkara. Skýrasta dæmið er að festa í sessi mistökin við Hringbraut.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins



**Það sem blasir við er skortur á skýrri efnahagsstefnu – áframhaldandi eyðslustjórn. Áfram boðið upp á hættulega blöndu stórfelldrar útgjaldaaukningar og skattalækkana. Eftir digurbarkalegar yfirlýsingar forystufólks ríkisstjórnarflokkanna um stöðugleika, þá er innihaldið satt best að segja frekar rýrt.**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar



NESTI HANDA NÝRRI KYNSLÓÐ






Ný bók eftir Guðrúnu Nordal

Sjálfsmynd þjóðar í ljósi sögunnar

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–16




ENNEMM / SÍA / NM89649

## Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSence öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

**Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 4.890.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# FJÁRLÖG 2019

## SA fagna lækkun tryggingagjalds

„Við fögnum lækkun tryggingagjaldsins, það er sannarlega skref í rétta átt. Ég hefði samt kosið að sjá lækkunina koma alla fram á næsta ári. Boðuð lækkun er mikilvægt innlegg fyrir atvinnulífið og styrkir samkeppnishæfni þess. Hafa ber í huga að tryggingagjöld skila 100 milljörðum í ríkissjóð samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2019. Þetta jafngildir 8 milljarða lækkun á þessum tveimur árum og það munar um minna,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um fjárlagafrumvarpið.

Hann segir það jákvætt gagnvart stóru myndinni að áfram sé verið að lækka skuldir ríkissjóðs. „Svo er verið að stíga fyrstu skrefin í átt að breytingum á tekjuskatts- og bótakerfinu sem koma til móts við kröfur á vinnumarkaði. Þetta eru samt þenslufjárlög. Útgjöld eru að aukast um sjö prósent að nafnvirði og fjögur prósent að raunvirði. Það er öruggt að það verður umframkeyrsla, sagan sýnir okkur það.“

Halldór segir líka að hafa þurfi í huga hvar við séum stödd í hagsveiflunni. „Það eru allir skattstofnar þandir til hins ýtrasta. Það getur brugðið til beggja átta og lítið þarf út af að bregða til að forsendur fjárlagafrumvarpsins bresti.“

„Við erum að greina fjárlagafrumvarpið og það mun taka einhvern tíma að ná allri myndinni,“ segir Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar ASÍ. Hún segir nauðsynlegt að skoða þær aðgerðir sem kynntar eru til að bæta hag launafólks í samhengi við heildarendurskoðun tekjuskattskerfisins. Ekki sé á hreinu hvort umræddar tillögur séu hluti af þeirri endurskoðun.



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.



Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar ASÍ.

» Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður tryggingagjald alls lækkað um 0,5 prósentustig í tveimur þrepum.

„Hinn endinn sem snýr að launafólki er bótakerfið. Það virðist sem verið sé að draga úr húsnæðisstuðningi. Vaxtabætur hafa rýrnað mjög mikið og útgjöldin vegna þeirra verða enn eitt árið minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það þýðir ekki að húsnæðiskostnaður sé að lækka.“

Þá bendir Henný á að með breytingum á barnabótum sé í enn auknum mæli verið að beina þeim til þeirra allra tekjulægstu. Ekki sé verið að útvíkka þann hóp sem njóti barnabóta.

„Það er allt of snemmt að segja til um hvaða áhrif þessar aðgerðir allar munu hafa inn í veturinn.“ – **sar**


FIMMTUDAGINN 13. SEPTEMBER KL. 12:00-13:30 Í NORRÆNA HÚSINU

OPINN FUNDUR Á VEGUM ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS OG SENDINEFNDAR ESB Á ÍSLANDI




Á fundinum mun **Giles Portman** ræða um falsfrétta herferð Rússlands, sem herjar á Evrópusambandið, nágrannaríki þess og lýðræðisleg gildi sem slík. Hvernig er best að bregðast við þessu? Hvaða skref þarf að taka til þess að bæta og auka stuðning við fjölmiðla innan ESB?



Giles Portman, yfirmaður East Stratcom Taskforce hjá utanríkisþjónustu ESB (EEAS)

PALLBORÐSUMRÆÐUR:
**Elfa Ýr Gylfadóttir**, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar
**Jón Ólafsson**, prófessor við íslensku- og menningardeild við Háskóla Íslands
**Smári McCarthy**, þingmaður Pírata og formaður Þingmannanefndar EFTA og EES

Fundarstjóri: **Valgerður Jóhannsdóttir**, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Fundurinn fer fram á ensku og er opinn öllum

THURSDAY SEPTEMBER 13 FROM 12:00 TO 13:30 AT THE NORDIC HOUSE

OPEN SEMINAR HOSTED BY THE INSTITUTE OF INTERNATIONAL AFFAIRS AT THE UNIVERSITY OF ICELAND AND THE EU DELEGATION TO ICELAND

DISINFORMATION, MEDIA AND DEMOCRACY

At this open seminar **Giles Portman** will discuss Russian disinformation targeting the EU, its neighbourhood and democratic values as such. How do we respond to this and what actions are needed to improve the EU's strategic communications and support for quality media?

Giles Portman, Head of the East Stratcom Task Force at the European External Action Service (EEAS)

Panel discussions:
**Elfa Ýr Gylfadóttir**, Director, Media Commission
**Jón Ólafsson**, Professor of Comparative Cultural Studies, University of Iceland
**Smári McCarthy**, MP for the Pirate Party and Chairman of the Icelandic delegation to the EFTA and EEA Parliamentary Committees

Moderator: **Valgerður Jóhannsdóttir**, Adjunct Lecturer, Faculty of Political Science, University of Iceland

The seminar will take place in English and is open to all

Sendinefnd ESB á Íslandi


# Jákvætt

## fyrir heimilisbókhaldið





### 500 milljónir

**Hækkun framlaga til heilbrigðismála** milli 2018 og 2019 nemur 12,6 milljörðum króna að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Meðal annars hækka framlög um 500 milljónir króna til að draga úr kostnaði aldraðra og öryrkja við tannlæknaþjónustu og 400 milljónum verður varið aukalega til að minnka greiðsluþátttöku sjúklinga.

### 500 kr.

**Persónuafsláttur hækkar** umfram hækkun í samræmi við vísitölu neysluverðs. Hækkunin nemur einu prósentustigi eða um fimm hundruð krónum á hvern einstakling á mánuði.



### 13%

**Vaxtabætur hækka** um 13 prósent á árinu 2019. Enn fremur munu eignamörk bóta hækka um tíu prósent.

### 100.000 kr.

Auk hækkunar fjárhæða og viðmiðunarmarka skerðingar barnabóta er í fjárlögum gert ráð fyrir nýju þrepi skerðingar á barnabótum sem er ætlað að tryggja að hækkunin skili sér fyrst og fremst til **lágtekju- og lægri millitekjuhópa.** Barnabætur hækka því um rúmar 100 þúsund á ári hjá sumum einstaklingum.

### 17,5%

**Barnabætur hækka** um 17,5 prósent á næsta ári eða um 1,6 milljarða króna. Breyta á reglugerð þannig að mánaðarlegar hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækki í 600 þús. kr. vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2019 eða síðar.



# Neikvætt

## fyrir heimilisbókhaldið



### 2,5%



**Olíugjald og sérstakt vörugjald af bensíni hækkar** um 2,5 prósent á næsta ári. Áætlað er að hækkun olíugjalds skili ríkissjóði um hálfum milljarði króna.

### 2,5%

Lagt er til að **áfengis- og tóbaksgjald hækki** um 2,5 prósent í ársbyrjun 2019. Áfengisgjald verður þá 123 krónur á hverja áfengisprósentu umfram 2,25% áfengisstyrk drykkjar.

### 4,7 milljarðar

Lagt verður til að **Ríkisútvarpið fái auknar greiðslur** frá almenningi á næsta ári. Lagt er til að tekjur Ríkisútvarpsins frá almenningi hækki um tvö og hálft prósent. Á næsta ári eru tekjur RÚV á fjárlögum um 4,7 milljarðar króna.

### 10%

**Kolefnisgjald hækkar** hressilega eða um tíu prósent á næsta ári í samræmi við stefnu stjórnvalda í umhverfismálum.



Þessir fylla poka af sandi til að undirbúa sig. NORDICPHOTOS/AFP

# Búa sig undir tortímingu

**BANDARÍKIN** Útlit er fyrir að fjórða stigs fellibylurinn Florence gangi á land norðan við ríkjamörk Norður- og Suður-Karólínu í Bandaríkjunum. Þessu spáir Fellibyljamiðstöð Bandaríkjanna í Miami. Í spá gærdagsins var áætlað að vindhraði í bylnum yrði allt að 49 metrar á sekúndu í gær. Búist er við því að fellibylurinn sæki enn í sig veðrið.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, undirritaði í gær tilskipanir fyrir bæði ríkin svo að þau hefðu aðgang að alríkisfé og gætu þannig betur búið sig undir og jafnað sig eftir væntanlegar hamfarir. Á mánudagskvöld biðlaði Trump svo til Bandaríkjamanna á Twitter um að vera viðbúnir, varkárir og öruggir. Sagðist hann jafnframt hafa rætt við ríkisstjóra Karólínuríkjanna sem og Virginíu og hafa tjáð þeim að alríkisstjórnin væri tilbúin að aðstoða.

Að sögn Jeffs Byard, aðstoðarframkvæmdastjóra almannavarnastofnunarinnar FEMA á sviði enduruppbyggingar, mun Florence ekki rétt strjúkast við austurströndina. „Stormurinn mun skella beint á okkur. Við erum að undirbúa okkur fyrir tortímingu,“ sagði Byard.

Henry McMaster, ríkisstjóri Suður-Karólínu, sagði á blaðamannafundi í gær að þar á bæ litu menn yfirvofandi hamfarir alvarlegum augum. „Við eigum í lífshættulegu og mikilvægu tafli við fellibylinn Florence,“ sagði hann.

Ríkisstjórinn fyrirskipaði rýmingu sýslna í norðurhluta ríkisins en afturkallaði slíkar skipanir fyrir þrjár sýslur sunnar. Þá hefur rýming verið fyrirskipuð í Norður-Karólínu og Virginíu. Skólum hefur mörgum verið lokað.

Roy Cooper, ríkisstjóri Norður-Karólínu, hélt einnig blaðamannafund og sagði storminn illskeyttan. „Þetta er gríðarlega hættulegur, lífshættulegur, sögulegur fellibylur.“ **– þea**


Tækifæri




SIEMENS

**Þvottavél, iQ300**

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi meðal annars: Kraftþvottur 60 mín. og mjög stutt kerfi (15 mín.).

Tækifærisverð: WM 14N2O8DN

**79.900 kr.**

Fullt verð: 109.900 kr.




SIEMENS

**Uppþvottavél, iQ300**

14 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting. Hljóð: 44 dB. Hnífaparaskúffa.

Tækifærisverð: SN 436W02MS

**79.900 kr.**

Fullt verð: 104.900 kr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT




Sheer Driving Pleasure

RAFBÍLL ÞARF EKKI AÐ LÍTA HVERSDAGSLEGA ÚT.

BMW i3 ER ENGINN VENJULEGUR RAFBÍLL. BMW i3 ER FYRSTI FJÖLDAFRAMLEIDDI BÍLLINN Í HEIMINUM MEÐ YFIRBYGGINGU ÚR HÁSTYRKTUM KOLTREFJUM OG EINI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM MEÐ VOTTAÐ 100% HREINT FRAMLEIÐSLUFERLI.

BMW i3. VERÐ FRÁ: **4.490.000 KR.**

ENNEMM / SÍA / NM89765

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Níðingsháttur



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það eru engin ný tíðindi að komið sé svívirðilega fram við erlent starfsfólk hér á landi. Á liðnum árum hafa sögur af slæmum aðbúnaði þess og smánarlegum launum iðulega ratað í fréttir. Öllu sómasamlegu fólki ofbýður en ekkert breytist, einfaldlega vegna þess að of lítið hefur verið aðhafst. Þar hefur verkalýðshreyfingin ekki staðið sig sem skyldi, en henni til afsökunar má segja að við ofurefli hafi verið að etja. Einhver breyting virðist þó vera að verða, því verið er að stórauka vinnustaðaeftirlit verkalýðshreyfingarinnar. Hinn byltingarsinnaði formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, segir að meira þurfi til, þar á meðal afskipti stjórnmálamanna. Þetta er rétt hjá honum. Fólk skiptir máli og ef stjórnmál byggjast á einhverju öðru en hentistefnu hverju sinni, þá eiga stjórnmálamenn að ranka við sér við fréttir af illri meðferð á erlendu starfsfólki. Þeir eiga ekki að láta eins og þarna séu einungis á ferð dæmigerð mál sem verkalýðsforystan eigi ein að leita lausna á.

Þeir eru þarna alls staðar á kreiki, einstaklingarnir sem fá stjörnur í augun í hvert sinn sem þeir hugsa um gróðann sem þeir geta gengið að með því að koma hópi erlendra starfsmanna sinna fyrir í herbergiskytru og draga 100.000 króna húsaleigu á mánuði af hverjum og einum þeirra. Það tekur því alls ekki að gera samning við þetta starfsfólk því það er hér bara í stuttan tíma. Ónauðsynlegt er svo að sýna formfestu eins og þá að fylgja reglum um hvíldartíma. Fólkið er hvort sem er viljugt til að vinna og þá er um að gera að leyfa því að vinna sem mest vitanlega fyrir sem lægst laun. Þannig er hægt að safna gróða og leyfa sér alls kyns unaðslegan lúxus með því að svína á öðrum.

Auðvitað er það ekkert annað en níðingsháttur að líta á starfsfólk eins og þræla og koma fram við það eins og það eigi ekki vart tilverurétt. Sitthvað er athugavert við siðferðiskennd þeirra sem koma svona fram við aðra. Samviskan virðist þó ekkert vera að banka upp á hjá þeim og spyrja áleitinna spurninga um siðferðilegar skyldur við starfsmenn. Ef einhver hugsun ónáðar þessa menn þá er það sennilega helst hræðslan við að upp um þá komist og skammarlegt athæfi þeirra verði afhjúpað. Þá glata þeir mannorðinu, sem þeim virðist reyndar standa nokkurn veginn á sama um, en missa annað sem skiptir þá öllu máli, sem er gróðinn.

Það þýðir örugglega lítið að benda þessum holdgervingum græðginnar á að ganga annan og betri veg. Mikið hefðu þeir samt gott af leiðsögn. Það má alveg sjá þá fyrir sér á námskeiði í Kauptúni 4, þar sem framkvæmdastjóri IKEA, Þórarinn Ævarsson, útskýrir fyrir þeim hugmyndina á bak við það að hækka laun umfram kjarasamninga og kostina við það að bjóða starfsmönnum, en nokkuð stór hópur þeirra er erlendur, íbúð í nágrenni vinnustaðarins á sanngjarnri leigu. Víst er að mikill furðusvipur myndi koma á andlit þeirra sem telja sig helst geta grætt á því að koma illa fram við aðra.

**Þannig er hægt að safna gróða og leyfa sér alls kyns unaðslegan lúxus með því að svína á öðrum.**


# Að missa í sjálfsvígi
## - tekist á við sorgina

Í kvöld, 12. sept. kl. 20 í safnaðarheimli Laugarneskirkju flytur Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir aðstandandi eftir sjálfsvíg erindið „Að missa í sjálfsvígi, tekist á við sorgina".
Erindið er opið öllum sem vilja leita sér stuðnings eftir andlát ástvinar.

Að fræðslunni standa Ný dögun og Landlæknisembættið.
Enginn aðgangseyrir.

Stuðningshópur Nýrrar dögunar fyrir aðstandendur sem misst hafa í sjálfsvígi byrjar 17. sept.n.k. Nánari uppl. og skráning á: svavar.stefansson@kirkjan.is eða í s.860 2266.

NÝ DÖGUN Samtök um sorg og sorgarviðbrögð
Embætti landlæknis Directorate of Health

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Trumpað**
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Vinstri græn, kenndi í gær fjölmiðlum um takmarkað traust almennings á stjórnmálafólki. Hún seildist þar í málsvarnarvopnabúr Donalds Trump sem kennir fjölmiðlum um að hann sé ekki í þeirri heilagra manna tölu sem hann verðskuldar. Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í borgarstjórn, sagði á Facebook „gjamm" Bjarkeyjar og fleiri í stjórnmálum einmitt ástæðu þess að þau nytu ekki meira trausts. „Þessu verður að linna! Fjölmiðlar eru lausnin, ekki vandamálið."

**Óþægilegur sannleikur**
Illugi Jökulsson hnaut á Facebook um að hafa ekki heyrt neinn í VG „mótmæla þessum furðum" Bjarkeyjar. Kom honum þó ekki mjög á óvart vegna þess að „þar eru náttúrlega allir önnum kafnir við að hrópa húrra yfir því að fá að vera í stjórn með Bjarna Benediktssyni". Á sama tíma á sama vettvangi kallaði Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor blaðamanninn Bob Woodward „stórbrotinn mann, sem styður lýðræðið og sannleikann". Tilefnið er bókin Fear sem er síst til þess fallin að auka tiltrú almennings á Trump. Woodward væri ef til vill nær að hlusta á Bjarkeyju og láta af þeirri ósvinnu að gera stjórnmálamann tortryggilegan.
thorarinn@frettabladid.is

# Stórsókn í loftslagsmálum



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Loftslagsbreytingar eru stærsta sameiginlega viðfangsefni mannkyns og brýnt að bregðast við þeim af festu. Sjö ráðherrar kynntu á mánudag umfangsmikla aðgerðaáætlun í loftslagsmálum Íslands. Aldrei áður hefur viðlíka fjármagn verið sett í loftslagsmál og nú.

Við setjum markið hátt. Við ætlum að ráðast í viðamikið átak í kolefnisbindingu – endurheimta votlendi, birkiskóga og kjarrlendi, berjast gegn jarðvegseyðingu og rækta skóg. Orkukerfi heimsins eru drifin áfram af jarðefnaeldsneyti og þar þarf kerfisbreytingu. Þarna ætlum við að beita okkur af krafti og ná fram orkuskiptum í vegasamgöngum. Við viljum hætta að brenna mengandi og innfluttum orkugjöfum og nota heldur innlenda, endurnýjanlega orku – rétt eins og við gerðum þegar við innleiddum hitaveituna. Við viljum vinna með sveitarfélögum að því að styrkja almenningssamgöngur, gera fólki kleift að lifa bíllausum lífsstíl og hætta að keyra bílaflotann okkar áfram á mengandi eldsneyti.

**Út með olíuna**
Hvar getum við Íslendingar dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda til að standast markmið Parísarsáttmálans? Stóriðjan fellur ekki undir þær skuldbindingar sem eru á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda, heldur heyrir undir evrópskt kerfi með losunarheimildir sem ætlað er að draga úr losun frá starfsemi hennar. Alþjóðaflug fellur sömuleiðis ekki undir skuldbindingar einstakra ríkja og um landnotkun gilda sérstakar reglur. Hvar eru þá helstu tækifæri okkar?

Svarið liggur í olíu. Notkun hennar orsakar stærstan hluta þeirrar losunar sem er á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Og um 60% af olíunni eru notuð í vegasamgöngum. Stærsta verkefnið fram undan er því stórfelld rafvæðing samgangna og stefnan skýr: Að helminga notkun jarðefnaeldsneytis í vegasamgöngum fyrir árið 2030.

Í aðgerðaáætluninni eru auðvitað fjölmargar aðrar aðgerðir sem stuðla að samdrætti í losun annarra geira, og sérstök áhersla er á nýsköpun. Fyrsta útgáfa áætlunarinnar í loftlagsmálum liggur nú fyrir. Fram undan er samráð sem ég bind miklar vonir við.

**Við viljum hætta að brenna mengandi og innfluttum orkugjöfum og nota heldur innlenda, endurnýjanlega orku – rétt eins og við gerðum þegar við innleiddum hitaveituna.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að bíða eða borga í tvöföldu heilbrigðiskerfi



**Þórarinn Guðnason**
formaður Læknafélags Reykjavíkur

Í viðtali við Kastljós í síðustu viku varð heilbrigðisráðherra tíðrætt um nauðsyn þess að efla „opinbera heilbrigðiskerfið“ með því að færa þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna með handafli inn á ríkisreknar stofnanir. Um leið festir hún enn frekar í sessi það tvöfalda heilbrigðiskerfi sem ekkert okkar vill en er engu að síður að skjóta hér rótum. Ofurtrú á einokandi ríkisrekstri er ekki einungis afturhvarf til fortíðar heldur um leið ávísun á hærri kostnað, lengri biðlista, atgervisflótta úr landinu og lakari þjónustu.

Ráðherrann er augljóslega á rangri leið. Hún trúir því varla einu sinni sjálf að sérfræðilæknar á samningi við Sjúkratryggingar Íslands séu ekki hluti af opinbera heilbrigðiskerfinu. Hið rétta er að einungis þeir sérfræðilæknar sem ráðherra heldur með járnhanska utan samningsins eru um leið utan hins opinbera kerfis. En það er ákvörðun ráðherra og einskis annars að halda þeim þar og sjúklingum þeirra utan sjúkratrygginga. Í heilbrigðiskerfi sem talið er vera í allra fremstu röð í heiminum. Kerfi sem ráðherranum finnst lífsnauðsynlegt að stokka upp og ríkisvæða sem mest hann má.

Sjúklingar á Íslandi, skjólstæðingar íslensku heilbrigðisþjónustunnar, borga úr eigin vasa stærri hluta af lækniskostnaði en sjúklingar í nágrannalöndunum. Nýtt greiðsluþátttökukerfi mismunar sjúklingum í þá átt sem síst skyldi því öryrkjar, ellilífeyrisþegar og barnafjölskyldur borga nú meira en áður fyrir læknisþjónustu þó að aðrir hópar og fjársterkari borgi nú minna. Ýmsir vara við ástandinu en stjórnvöld hlusta ekki heldur skella við skollaeyrum og afneita staðreyndum. Þetta er grunnur tvöfalds heilbrigðiskerfis.

Sjúklingar með Parkinson-sjúkdóm fá ekki þjónustu í tíma. Biðtími er hálft ár og sjúklingar þjást. Ungur taugalæknir fær samt ekki samning við SÍ. Hún hefur nú opnað stofu án samnings við Sjúkratryggingar. Þrátt fyrir skýrslu landlæknis um æpandi þörf fyrir þjónustu taugalækna neitar ráðherrann henni um aðgang að samningi sérfræðilækna og Sjúkratrygginga Íslands. Fráfarandi forstjóri SÍ telur að jafnvel sé um lögbrot hjá ráðherranum að ræða. Þeir sem hafa á því efni borga sjálfir reikninginn að fullu og komast fram fyrir röðina. Hinir efnaminni mega bíða áfram í 6 mánuði. Það er tvöfalt heilbrigðiskerfi.

Hjartasjúklingar bíða mánuðum saman eftir tíma, enda hafa fjórir hjartalæknar hætt nýverið á stofu. Ungur hjartalæknir fær ekki samning en opnar samt stofu og hefur í bráðum ár sinnt þeim sem geta borgað allt sjálfir. Hjartasjúklingar sem ekki hafa efni á því bíða áfram. Þetta er tvöfalt heilbrigðiskerfi.

Biðtími gigtarsjúklinga er allt að eitt ár og gigtarlæknir hefur á sama hátt opnað stofu án aðkomu SÍ. Viðskiptavinir hans greiða þjónustuna fullu verði. Þeir sem ekki hafa ráð á því sitja hjá. Að bíða eða borga – það er tvöfalt heilbrigðiskerfi.



**Ofurtrú á einokandi ríkisrekstri er ekki einungis afturhvarf til fortíðar heldur um leið ávísun á hærri kostnað, lengri biðlista, atgervisflótta úr landinu og lakari þjónustu.**

Vegna langs biðtíma í ríkisrekna kerfinu hafa sextíu sjúklingar keypt liðskiptaaðgerð á klínik hér innanlands fyrir eina milljón króna án aðstoðar frá sjúkratryggingum landsmanna. Lögum samkvæmt skapast réttur hjá sjúklingum til einkarekinna úrræða á kostnað ríkisins ef biðtími eftir aðgerð er lengri en þrír mánuðir. En sú trygging gildir bara ef aðgerðin er framkvæmd erlendis. Ríkið tekur á sig a.m.k. tvöfaldan kostnað miðað við aðgerðir innanlands og óþægindi sjúklingsins vegna langra ferðalaga og fjarveru eru að auki veruleg. Þeir sem ekki eiga milljón kveljast á biðlista eins og þeir sem ekki komast utan af ýmsum ástæðum. Þeir upplifa sársauka tvöfalda heilbrigðiskerfisins.

Nýtt íþyngjandi tilvísanakerfi fyrir börn skiptir hina efnameiri litlu máli. Foreldrarnir kaupa þjónustu sérfræðilækna án þess að sækja tilvísun og borga fullt verð. Hinir fara í biðröð eftir tilvísun og fá þjónustu seinna, þegar kerfinu hentar. Mismunun barna svíður mest af öllu. Svona er hið tvöfalda heilbrigðiskerfi.

Rammasamningur SÍ við sérfræðilækna rennur út eftir fjóra mánuði. Enginn veit hvað tekur við. Sérfræðilæknar verða þá allir að veita þjónustuna utan samnings eins og taugalæknirinn, hjartalæknirinn og gigtarlæknirinn. Þeir efnameiri greiða þá fullt verð. Heimsóknirnar á ári eru 500 þúsund. Þá fullkomnast tvöfalda heilbrigðiskerfið.

Í stað þess að sérfræðiþjónustan haldi áfram að vera hluti opinbera kerfisins eins og hingað til, verða hinir efnaminni að leita ásjár hjá fjölskyldu, góðgerðarsamtökum, sjúkrasjóðum eða öðrum. Slíkt bakland hafa þeir verst settu ekki endilega, öryrkjar, aldraðir og fátækir. Þeir verða áfram út undan. Út undan í tvöfalda heilbrigðiskerfinu.

Heilbrigðisráðherrar hafa staldrað stutt við undanfarið og með hverjum skiptum hafa komið breytt viðhorf, jafnvel kollsteypur. Enginn friður hefur verið og það staðið framförum fyrir þrifum. Heilbrigðiskerfið er okkar fjöregg og þarf ekki á slíku að halda heldur samhljómi og langtímastefnu sem flestir geta sameinast um. Við hvorki viljum né þurfum tvöfalt heilbrigðiskerfi.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L



Kolbeinn Sigþórsson lék sinn fyrsta landsleik í 801 dag, eða síðan Ísland tapaði 5-2 fyrir Frakklandi í 8-liða úrslitum á EM 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Strákarnir mættu ofjörlum sínum

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta tapaði með þremur mörkum gegn engu fyrir því belgíska í öðrum leik sínum í Þjóðadeildinni í gær. Ísland hefur tapað báðum leikjum sínum í þessari nýju keppni með markatölunni 0-9. Hér má sjá nokkrar myndir úr leiknum gegn sterku liði Belga sem endaði í 3. sæti á HM í sumar.



Íslenska liðið stillir sér upp fyrir leikinn.



Birkir Már Sævarsson tæklar Eden Hazard, fyrirliða Belga.





Vincent Kompany hreinsar frá undir pressu frá Jóni Daða Böðvarssyni.



Landsliðsþjálfarinn Erik Hamrén þakkar fyrir stuðninginn eftir leik.



Gylfi Þór Sigurðsson var niðurlútur í leikslok.

# Betra í tapi fyrir bronsliðinu

Einstaklingsmistök voru íslenska landsliðinu dýr í 0-3 tapi fyrir bronsliði Belgíu frá HM í sumar. Ísland byrjaði leikinn af krafti en tvö mörk á tveimur mínútum gerðu út um leikinn og stýrðu Belgar honum eftir það.

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa tapað 0-3 á heimavelli í gær og illa hafi gengið að skapa góð marktækifæri var mun meira hægt að taka jákvætt úr leiknum gegn Belgíu heldur en gegn Sviss um helgina. Í fótbolta er spurt um úrslit og staðan er svört eftir tvo leiki, núll stig og með markatölu upp á níu mörk í mínus en það voru þó kaflar í gær þar sem íslenska liðið stóð í hinu ógnarsterka bronsliði frá HM í sumar, Belgíu.

Erik Hamrén, þjálfari landsliðsins, gerði þrjár breytingar til að reyna að þétta raðirnar á miðjunni, Emil Hallfreðsson, Hörður Björgvin Magnússon og Rúnar Már Sigurjónsson komu inn fyrir Rúrik, Björn Bergmann og Guðlaug Victor. Framan af virtist sú ákvörðun vera að bera ávöxt, liðið var mun þéttara og líkara því sem Ísland hefur sýnt undanfarin ár en svo komu tvær mínútur sem áttu eftir að ráða úrslitum.

Romelu Lukaku fékk vítaspyrnu eftir að Sverrir Ingi braut á honum innan vítateigs og fór Eden Hazard á punktinn. Kom hann Belgum yfir og voru stuðningsmennirnir enn að fagna þegar Lukaku komst sjálfur á blað. Aftur voru það augnabliks mistök í vörn Íslands sem Belgar nýttu sér og skoraði Lukaku af stuttu færi í annarri tilraun. Eftir það settust Belgar aftar á völlinn og stýrðu leiknum í rólegheitunum en voru skeinuhættir í skyndisóknum, upp úr einni slíkri stuttu fyrir leikslok kom smiðshöggið. Aftur var það Lukaku, nú eftir sendingu frá Dries Mertens sem vann boltann af Gylfa Þór Sigurðssyni og sýndi Lukaku lipra takta þegar hann kláraði færið og þar með leikinn.



Sverrir Ingi Ingason í baráttu við Romelu Lukaku sem skoraði tvö mörk og reyndist Íslendingum erfiður ljár í þúfu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÍSLAND 0-3 BELGÍA**

**0-1** Eden Hazard, víti (29.), **0-2** Romelu Lukaku (31.), **0-3** Lukaku (81.).

**Skot** (á mark): 5 (2)–20 (4). **Horn**: 4-9. **Rangstöður**: 1-1.

| **Frammistaða Íslands (4-5-1)** | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | 4 |
| Birkir Már Sævarsson | 4 |
| Sverrir Ingi Ingason | 4 |
| Ragnar Sigurðsson | 5 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 5 |
| Rúnar Már Sigurjónsson | 6 |
| Birkir Bjarnason | 5 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 5 |
| Emil Hallfreðsson | 6 |
| (84. Guðlaugur Victor Pálsson | -) |
| Ari Freyr Skúlason | 5 |
| (80. Arnór Ingvi Traustason | -) |
| Jón Daði Böðvarsson | 5 |
| (70. Kolbeinn Sigþórsson) | 5) |

**Maður leiksins:**
**Rúnar Már Sigurjónsson**



Var óvænt á hægri kantinum í byrjunarliði Íslands. Var kraftmikill og áræðinn í fyrri hálfleik og þakkaði traustið. Datt niður í seinni hálfleik en bjargaði einu sinni vel þegar Belgar komust í dauðafæri. Heilt yfir fín innkoma hjá Skagfirðingnum.

Heilt yfir var spilamennskan mun betri en gegn Sviss þrátt fyrir að leikið væri gegn betri mótherja og virtist Erik Hamrén vera nokkuð sáttur.

„Þetta var fín frammistaða af okkar hálfu þó að við töpuðum leiknum og nauðsynleg eftir útreiðina sem við fengum í Sviss. Þrátt fyrir tapið þá tökum við heilmikið úr þessum leik, við unnum vel í okkar málum og lékum heilt yfir vel í dag gegn einu besta liði heims,“ sagði Erik sem bar greinilega mikla virðingu fyrir belgíska liðinu.

„Þeir eru með frábært lið og í svona leikjum þurfum við að spila einfaldan en áhrifaríkan fótbolta þótt það hafi ekki skilað stigum í kvöld. Við reyndum að vera skynsamir og tilbúnir til að verjast því þegar þeir sóttu hratt eftir föst leikatriði hjá okkur. Þeir eru með eitt besta skyndisóknarlið heims sem þrífst á einstaklingsmistökum, í síðasta leik þeirra komu þrjú mörk af fjórum eftir slík mistök.“

Roberto Martinez, þjálfari Belga, hrósaði Íslandi eftir leik.

„Fyrstu fimmtán mínútur leiksins stýrði Ísland umferðinni en okkur tókst að leysa það vel og fengum tvö mörk sem gerðu útslagið. Ísland var fram að því að leika mjög vel og var betri aðilinn.“

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Myndir úr leik Íslands og Belgíu má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

## Nýjast

**Þjóðadeildin**

**A-deild**

**Riðill 2**

**Ísland - Belgía 0-3**

**Riðill 4**

**Spánn - Króatía 6-0**

**B-deild**

**Riðill 3**

**Bosnía - Austurríki 1-0**

**C-deild**

**Riðill 2**

**Finnland - Eistland 1-0**

**Ungverjaland - Grikkland 2-1**

**D-deild**

**Riðill 2**

**Moldóva - H-Rússland 0-0**

**San Marinó - Lúxemborg 0-3**

**Undankeppni EM U-21 árs**

**Ísland - Slóvakía 2-3**

1-0 Albert Guðmundsson (33.), 1-1 László Bénes (58.), 1-2 Tomás Vestenický (90.), 2-2 Albert, víti (90+3.), 2-3 Marek Rodák (90+4.).

## Fyrsta tapið á heimavelli í 5 ár

**FÓTBOLTI** Tapið fyrir Belgíu í gær var fyrsta tap Íslands í keppnisleik á Laugardalsvelli í rúm fimm ár. Íslendingar töpuðu síðast heimaleik í keppni fyrir Slóvenum 7. júní 2013 með tveimur mörkum gegn fjórum.

Ísland var svo taplaust í næstu 13 keppnisleikjum á heimavelli og vann m.a. lið eins og Holland, Tyrkland, Tékkland, Úkraínu og Króatíu. Næsti heimaleikur Íslands er gegn Sviss 15. október en það er jafnframt síðasti heimaleikur ársins. – **iþs**



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. september 2018

33. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Sala CCP kemur Íslandi á kortið

**Fyrirheit stjórnvalda um að afnema þak vegna endurgreiðslna á rannsóknar- og þróunarkostnaði skiptu sköpum í söluferli CCP. Formaður hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins segir söluna koma Íslandi á kortið. Landið sé að verða samkeppnishæft.**

» 10-11

MYND/ARNAR VALDIMARSSON



»2

## Minni fyrirtæki betur búin undir áföll en áður

Batnandi arðsemi, skuldastaða og eiginfjárstaða hefur skapað litlum og meðalstórum fyrirtækjum svigrúm til að takast á við framtíðaráföll í hagkerfinu samkvæmt nýrri skýrslu.

»4

## Brim hagnast um 900 milljónir við söluna á Ögurvík

„Þetta eru skynsamleg kaup fyrir HB Granda,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, um kaup útgerðarinnar á Ögurvík af Brimi. Fleiri en einn óháður aðili hafi metið kaupverðið á Ögurvík.

»8

## Hlutafé Primera Travel aukið um 2,4 milljarða

Primera Travel Group, sem rekur ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum, lauk fjárhagslegri endurskipulagningu í maí. Forstjórinn segir árangursríkan viðsnúning hafa orðið á rekstrinum. Primera Air er að ljúka 5,2 milljarða fjármögnun.






Jamie's Italian var opnaður í júlímánuði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eigendur Pablo Discobar taka við rekstri Jamie's

Eigendur veitingastaðarins Pablo Discobar og baranna Burro og Miami hafa tekið við rekstri veitingastaðarins Jamie's Italian á Hótel Borg. Fyrrverandi rekstrarfélag Jamie's Italian verður tekið til gjaldþrotaskipta en bæði leigusamningi og sérleyfissamningi félagsins hefur verið sagt upp.

Jón Haukur Baldvinsson lætur samhliða breytingunum af störfum sem framkvæmdastjóri Jamie's Italian en hann verður nýjum rekstraraðila innan handar fyrstu vikurnar.

Þeir sem standa að nýju rekstrarfélagi veitingastaðarins eru þeir Eyþór Már Halldórsson, Gunnsteinn Helgi Maríusson, Róbert Óskar Sigvaldason og Samúel Þór Hermannsson. Anna Marín Þórarinsdóttir er nýr rekstrarstjóri.

Jón Haukur var eini eigandi Jamie's Italian eftir að félagið Jubileum, sem rekur veitingastaðina Snaps við Týsgötu og Kaffi París við Austurvöll, seldu honum 60 prósenta hlut í staðnum fyrr á árinu.

Jón Haukur segir veitingastaðinn hafa fengið afar góðar viðtökur eftir að hann var opnaður í júlí í fyrra en hins vegar sé rekstrarumhverfið í veitingageiranum erfitt. „Við höfum fengið yfir eitt hundrað þúsund gesti frá því við opnuðum, sem er afar jákvætt, og höfum fundið fyrir miklum meðbyr og stuðningi frá Íslendingum. Við vorum til að mynda einn veltumesti staðurinn af öllum veitingastöðum Jamie's Italian-keðjunnar í júlí.

**86**

**milljónir króna var tapið á rekstri Jamie's Italian í fyrra.**

Þetta hefur því að mörgu leyti gengið vel. Hins vegar hefur opnun staðarins og reksturinn reynst dýr og við höfum hreinlega verið undirfjármagnaðir í of langan tíma," nefnir Jón Haukur. Hækkandi launakostnaður hafi jafnframt þrengt að rekstrinum. Síðustu ár hafi verið erfiður tími fyrir veitingastaði, sér í lagi nýja og dýra staði líkt og Jamie's Italian.

„Það verður líka að segjast að það er lítið um þolinmótt fjármagn í þessum geira. Bankarnir hafa haldið að sér höndum og fjárfestar eru ekki reiðubúnir til þess að setja mikinn pening í veitingageirann," nefnir hann.

Jón Haukur segir gamla rekstrarfélagið hafa misst bæði leigu- og sérleyfissamninga sína enda hafi fjárhagsstaða félagsins verið orðin þung. „Það skiptir hins vegar miklu máli að nýtt og traust rekstrarfélag mun taka við rekstri staðarins og halda honum áfram. Þeir sem standa að því félagi hafa mikla reynslu af veitingarekstri og reka til dæmis Pablo Discobar, Burro og Miami bar," nefnir hann. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

# Minni fyrirtæki betur búin undir áföll en áður

**Batnandi arðsemi, skuldastaða og eiginfjárstaða hefur skapað litlum og meðalstórum fyrirtækjum svigrúm til að takast á við framtíðaráföll í hagkerfinu samkvæmt nýrri skýrslu. Viðskiptakostnaður fyrirtækja hér á landi er þó enn hár.**

Fjárhagur lítilla og meðalstórra fyrirtækja hefur batnað verulega á síðustu árum og þannig skapað svigrúm til að takast á við framtíðaráföll. Þó er enn hægt að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja af þessari stærðargráðu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um efnahagslegt mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem var unnin af Reykjavík Economics fyrir Íslandsbanka.

„Kjarninn í þessu er að þessi fyrirtæki standa miklu betur en þau hafa gert lengi og þeim hefur farið fjölgandi," segir Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics, í samtali við Markaðinn. „Þar með eru mörg af minni fyrirtækjum landsins betur í stakk búin til að takast á við efnahagsleg áföll ef til þeirra skyldi koma."

Í úttektinni er miðað við þrengri skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, hér eftir nefnd LMF, en tíðkast annars staðar í Evrópu. Miðað er við að LMF séu fyrirtæki sem hafa ársveltu frá 5 til 500 milljóna króna á ári.

Verulega hefur dregið úr skuldum LMF frá árinu 2008 í öllum stærðarflokkum nema hjá þeim fyrirtækjum sem velta á bilinu 100 til 250 milljónum króna og hjá minnstu fyrirtækjunum. Í flokki fyrirtækja með 100 til 250 milljóna króna veltu jukust skuldir árið 2016, einkum hjá fyrirtækjum í heild- og smásölu. Fyrirtæki í einkennandi greinum ferðaþjónustu eru skuldsettari en önnur fyrirtæki.

„Skuldsetning ferðaþjónustufyrirtækja skýrist af miklum fjárfestingum sem óhjákvæmilega fylgja hröðum vexti. Þrátt fyrir það hefur skuldsetning þeirra lækkað verulega og nálgast það sem tíðkast í öðrum greinum," segir Magnús.

Á síðustu árum hefur byggst upp eigið fé í öllum stærðarflokkum LMF en athygli vekur að í tilfelli meðalstórra fyrirtækja, sem hafa veltu á bilinu 250 til 500 milljónir króna, hefur eigið fé minnkað frá árinu 2013 til ársins 2016. Ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna.

### Arðsemi smærri fyrirtækja betri

Á sama tíma og eiginfjárhlutfall LMF hefur batnað hefur arðsemi eiginfjár, mæld sem hlutfall hreinna rekstrartekna af eignum, jafnframt aukist. Hún er einna mest hjá fyrirtækjum sem eru með veltu á milli 10 og 100 milljóna króna á ári, eða um 6 til 7 prósent samkvæmt gögnum frá árinu 2016. Arðsemi stórra fyrirtækja er aðeins um tvö prósent.



Tvöföldun var í vexti fyrirtækja er byggja húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




„Arðsemi stærstu fyrirtækjanna er enn slök þótt hún hafi batnað frá hruni, sérstaklega í ljósi þess að þá á eftir að taka tillit til fjármagnskostnaðar og skatta," segir Magnús.

Fjöldi LMF á hverja þúsund íbúa hefur farið vaxandi í öllum landshlutum á árabilinu 2008 til 2016 en Magnús segir að það sé ákveðin vísbending um frumkvöðlavirkni.

„Vestfirðir skera sig þarna nokkuð úr. Það má rekja til þess að fjöldi nýrra fyrirtækja hefur verið stofnaður á svæðinu á sama tíma og íbúum hefur fækkað lítillega," segir Magnús.

### Viðskiptakostnaður hár

Þá er viðskiptakostnaður við stofnun einkahlutafélags nokkuð hár á Íslandi í samanburði við mörg önnur vestræn lönd. Bent er á að Alþjóðabankinn hafi metið það svo að Ísland sé í 55. sæti á meðal þjóða heims þegar kemur að því hversu auðvelt er að hefja rekstur fyrirtækis. Varðandi viðskiptaumhverfi er Ísland í 23. sæti.

„Við getum staðið okkur betur í að hlúa að þessum fyrirtækum sem eiga sér færri talsmenn en stærri fyrirtæki og eru ekki jafn mikið í sviðsljósinu." **thorsteinn@frettabladid.is**

# Óvissa um útboð WOW air getur valdið óróleika á gjaldeyrismarkaði

Gengislækkun krónu undanfarnar tvær vikur má meðal annars rekja til þess að væntingar hafi undanfarið verið um að ráðist yrði í töluverðar erlendar fjárfestingar á næstu misserum þótt þær hafi enn ekki raungerst nema að hluta. Auk þess hefur ótti um að fram undan sé óvissutími í ferðaþjónustu stuðlað að gengislækkun. Þetta segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, í samtali við Markaðinn.

Hann segir að ótti um erfiðleika í ferðaþjónustu sé orðum aukinn. Ekki sé að vænta samdráttar í fjölda ferðamanna til landsins á næsta ári. Spurður hvort óvissa varðandi hvernig skuldabréfaútgáfa WOW air muni ganga segir hann að það geti haft áhrif á gjaldeyrismarkað og fjárfestar kjósi líklega í einhverjum mæli að breyta innlendum eignum í erlendar.

**» Jón Bjarki Bentsson segir að þetta sé í fyrsta skipti í tæpt ár sem Seðlabankinn grípur inn í gjaldeyrismarkaðinn. Það sé gert til að draga úr óæskilegum sveiflum og stuðla að dýpri markaði þegar á þarf að halda.**



Seðlabanki Íslands greip inn í gjaldeyrismarkaðinn í gær til þess að sporna gegn gengislækkun íslensku krónunnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kaup bankans á krónum stöðvuðu veikingu krónunnar sem gekk að mestu leyti til baka.

Jón Bjarki segir að þetta sé í fyrsta skipti í tæpt ár sem bankinn geri svo. Seðlabankinn grípi inn í til að draga úr óæskilegum sveiflum og stuðla að dýpri markaði þegar á þarf að halda.

Gengi krónu hefur veikst um 5,5 til 6 prósent gagnvart öðrum gjaldmiðlum á tveimur vikum. Mánuðina á undan var gengi krónunnar hins vegar nokkuð stöðugt og hefur Seðlabankinn af þeim sökum látið lítið sem ekkert að sér kveða á gjaldeyrismarkaði. Tekið var fram í síðustu yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans að gjaldeyrismarkaðurinn hafi verið í „ágætu jafnvægi". **– hvj**






# gefst ekki upp

**AUKUM ÞÁTTTÖKU – EFLUM SAMFÉLAGIÐ**

Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar.

Það er mikilvægt að við sem samfélag tökum vel utan um þessa einstaklinga og hjálpum þeim að fóta sig aftur á vinnumarkaði. Framlag allra skiptir máli, bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn sjálfan. Við hvetjum atvinnurekendur til að skoða ráðningar með opnum huga og nýta sér slíka starfskrafta þar sem það hentar.

**Allir geta fundið sína fjöl.**

## verumvirk.is

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR · BSRB · SA · KENNARASAMBAND ÍSLANDS · Reykjavíkurborg · Bandalag háskólamanna · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA · FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ · VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ · LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

# Hagnast um 900 milljónir við söluna

**„Þetta eru skynsamleg kaup fyrir HB Granda,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, um kaup útgerðarinnar á Ögurvík af Brimi. Fleiri en einn óháður aðili hafi metið kaupverðið á Ögurvík. Hluthafafundur muni þurfa að samþykkja kaupin á útgerðinni.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Brim, sem er í eigu Guðmundar Kristjánssonar og fjölskyldu, mun hagnast um 900 milljónir króna við söluna á Ögurvík til HB Granda. Brim keypti 34 prósenta hlut í HB Granda í vor og í kjölfarið settist Guðmundur í stól forstjóra útgerðarinnar.

Fram hefur komið í Markaðnum að Brim keypti Ögurvík á 11,5 milljarða króna með skuldum árið 2016 og er nú að selja útgerðina á 12,4 milljarða króna með skuldum eða 900 milljónum króna meira en fyrir tveimur árum. Viðmælendur Markaðarins vekja athygli á að Guðmundur hafi skapað tæplega milljarð með sölunni til að fjármagna kaupin á HB Granda. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er kaupverðið nú í takt við það sem aflaheimildir kosta á markaði.

### Kaupir af sjálfum sér

Sú spurning hvort kaup HB Granda á Ögurvík af forstjóra og aðaleiganda HB Granda orki tvímælis hefur vaknað á meðal fólks í atvinnulífinu. Viðmælendur Markaðarins segja að viðskipti tengdra aðila er varða kaup skráðs fyrirtækis á hlutabréfamarkaði séu viðkvæm.

„Þetta eru skynsamleg kaup fyrir HB Granda,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda, en fjölskylda hans fer fyrir 34 prósenta hlut í útgerðarfélaginu og á Brim að fullu. Hann vekur athygli á að fjölskylda hans fari einungis fyrir rúmum 30 prósentum í HB Granda og að hluthafafundur muni taka endanlega ákvörðun um hvort kaupin á Ögurvík gangi í gegn. Í ljósi þess að kaupin þurfi að koma til kasta hluthafafundar sé kerfið, að sögn Guðmundar, með innbyggða varnagla þegar keyptar séu eignir af tengdum aðilum.

Guðmundur segir að fleiri en einn óháður aðili hafi metið kaupverðið á Ögurvík. Hann segist ekki geta tjáð sig nánar um hverjir önnuðust verðmatið því enn eigi eftir að upplýsa hluthafafund um það.

„Mín skoðun er alveg skýr: HB Grandi á að fjárfesta í veiðiheimildum. Mér er alveg sama hvort keypt er af mér eða öðrum. HB Grandi er almenningshlutafélag í sjávarútvegi og þarf að eiga veiðiheimildir,“ segir hann. „Kosturinn við að kaupa aflahlutdeild af fyrirtæki í Reykjavík er að þá þarf HB Grandi ekki að flytja aflahlutdeild á milli sveitarfélaga.“

Að sögn Guðmundar hefur stjórn HB Granda rætt möguleg kaup á Ögurvík í allt sumar. Sömuleiðis hafi verið rætt við aðra stóra hluthafa í fyrirtækinu um kaupin. Spurður hvort Vilhjálmur Vilhjálmsson, sem lét af störfum sem forstjóri HB Granda í sumar, hafi sett sig upp á móti fyrirhuguðum kaupum segir Guðmundur að á síðustu árum hafi eigendahópur útgerðarinnar breyst verulega og að nýir eigendur vilji fjárfesta í auknum aflaheimildum. „Þetta snýst kannski ekki um hvað Vilhjálmur vildi heldur eru það eigendur sem ráða.“




**Viðmælendur Markaðarins segja að viðskipti tengdra aðila er varða kaup skráðs fyrirtækis á hlutabréfamarkaði séu viðkvæm.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Afnemi kvótaþak á almenningshlutafélög

Eftir kaupin á Ögurvík, sem átti 1,8 prósent kvótans, mun aflahlutdeild HB Granda nema 11,2 prósentum en leyfilegt hámark er 12 prósent. Guðmundur segist hafa fast land undir fótum í þeim efnum. Spurður hvort afnema ætti kvótaþakið og leyfa útgerðum að stækka og vaxa segir hann að svo ætti að minnsta kosti að vera háttað varðandi almenningshlutafélög.

**HB Grandi á að fjárfesta í veiðiheimildum. Mér er alveg sama hvort keypt er af mér eða öðrum.**

### Kaup skynsamleg

Viðmælendur Markaðarins eru á einu máli um að kaupin sem slík séu skynsamleg. Með þeim megi nýta atvinnutækin með betri hætti, samnýta söluleiðir og fyrirtækin geti skipst á aflaheimildum innbyrðis. Aftur á móti sé tvennt ólíkt að gera réttu hlutina og gera hlutina rétt, eins og einn viðmælandi orðaði það. Augljóst sé að Guðmundur sé að gera réttu hlutina með kaupum á útgerð en tíminn muni leiða í ljós hvort um leið sé hann að gera hlutina rétt.

Rétt er að geta þess að kaupverðið á Ögurvík getur tekið leiðréttingum þegar niðurstaða fjárhagsuppgjörs félagsins miðað við 31. ágúst liggur fyrir. Kaupverðið verður greitt í peningum og verður fjármagnað með eigin fé og lánsfé. HB Grandi stefnir á að selja frystitogara sem útgerðin er með í smíðum á Spáni til að fjármagna kaupin á Ögurvík. Smíðaverð skipsins er sex milljarðar króna.

Brim og eignarhaldsfélagið Fiskitangi, sem er í eigu Guðmundar, keyptu 34 prósenta hlut í HB Granda fyrir 21,7 milljarða króna af félögum sem Kristján Loftsson er í forsvari fyrir. Fram hefur komið í Markaðnum að Landsbankinn lánaði fyrir kaupunum og skuldbinding Brims gagnvart Landsbankanum nemi yfir 45 milljörðum króna. Skuldir útgerðarinnar nemi orðið yfir 20 prósentum af eiginfjárgrunni bankans eftir að bankinn fjármagnaði kaupin. Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar má áhætta banka gagnvart viðskiptavini ekki fara yfir 25 prósent af eiginfjárgrunni bankans. Lánið hafi verið veitt gegn ströngum skilyrðum og þurfti útgerðin að ganga langt í að veðsetja eignir sínar.

**Við sögðum það strax í upphafi að við myndum selja eignir. Það er ekkert leyndarmál.**



**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda**

### Þurfa að selja eignir

Guðmundur nefnir að Brim hyggist selja eignir til að fjármagna kaupin á HB Granda. „Við sögðum það strax í upphafi að við myndum selja eignir. Það er ekkert leyndarmál.“ Hann segir að það sé nóg af kaupendum að Ögurvík. „Þegar útgerðir eru seldar er fundið gangverð þeirra og heimamenn fá forgang að kaupunum. Annars fara aflaheimildir úr sveitarfélaginu. Þannig hefur það verið í fjölda ára.“

Brim á jafnframt þriðjungshlut í Vinnslustöðinni sem metinn er á 11,5 milljarða króna í bókum útgerðarinnar og selja mætti til að fjármagna kaupin á ráðandi hlut í HB Granda. Aftur á móti er erfiðara að selja hlut í útgerð en útgerð í heilu lagi, eins og í tilviki Ögurvíkur. Fram kemur í ársreikningi að stefnt sé að því að selja hlutinn. Í ársreikningi Brims segir að framkvæmd hafi verið virðismat á rekstrarvirði og upplausnarvirði og bókfært virði standi fyllilega undir því auk þess sem forsvarsmönnum Brims sé kunnugt um að meirihlutaeigendur Vinnslustöðvarinnar hafi keypt í félaginu á svipuðu gengi. Fram hefur komið í Markaðnum að Brim bókfæri hlutinn á nærri tvöfalt meira en sem nemur nýlegu mati sem gert var á Vinnslustöðinni. Eigið fé Brims var 24 milljarðar við árslok og eiginfjárhlutfallið 40 prósent.

Til sölu eða leigu vönduð iðnaðarbil í Grafarvogi

Til sölu eða leigu nýtt húsnæði fyrir léttan iðnað og þjónustu við Bæjarflöt og Gylfaflöt. Stutt frá helstu stofnbrautum og uppbyggingarhverfum. Stærðin er frá 232 m² á tveim hæðum, sveigjanlegt skipulag og möguleiki á gegnum keyrslu. Lofthæð neðri hæðar er 4,2 m. Húsið verður afhent tilbúið að utan ásamt fullbúinni lóð.



Frekari upplýsingar hjá fasteignasölum, hjá gisli@urdarsel.is og í síma 821 9266.

BORG FASTEIGNASALA
Atvinnueign
URÐARSEL FASTEIGNAÞRÓUN OG RÁÐGJÖF




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Debenhams í meiriháttar uppstokkun

Debenhams hefur leitað til ráðgjafarfyrirtækisins KPMG til þess að koma rekstrinum á réttan kjöl. Stjórnarformaður Debenhams segir frekari lokanir í uppsiglingu en ósveigjanlegir leigusamningar geri fyrirtækinu erfitt fyrir. Fimmtungur hlutabréfanna skortseldur.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is






Harðnandi samkeppni við netverslanir hefur gert rótgrónum verslanakeðjum á borð við Debenhams og House of Fraser erfitt um vik. NORDICPHOTOS/GETTY

Breska verslanakeðjan Debenhams horfir fram á umfangsmikla endurskipulagningu á rekstrinum sem getur leitt til þess að fjölda verslana verði lokað.

Debenhams hefur fengið endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið KPMG til þess að útbúa áætlun um endurskipulagningu, að því er Financial Times greindi frá á sunnudaginn. Er það mál manna að Debenhams og KPMG séu að skoða nokkra valmöguleika, þar á meðal úrræði sem nefnist CVA en það gerir fyrirtækjum meðal annars kleift að endursemja um afborganir af lánum og leigugreiðslur.

Hlutabréfaverð í Debenhams lækkaði um 16 prósent í fyrstu viðskiptum á mánudagsmorgun eftir fréttaflutning um samstarfið við KPMG. Í kjölfarið sendi Debenhams frá sér tilkynningu í því skyni að róa fjárfesta. Þar kom fram að afkomuspá fyrirtækisins geri ráð fyrir 33 milljóna punda hagnaði á árinu sem er undir fyrri afkomuspá frá því í júní, þegar hagnaður ársins var áætlaður á bilinu 35 til 40 milljónir punda, en í samræmi við spár greinenda.

Skuldir í lok árs munu nema 320 milljónum punda sem er vel undir því 520 milljóna punda skuldaþaki sem lánasamningar Debenhams kveða á um en í sumar náði fyrirtækið að semja við lánardrottna um nýja lánaskilmála. Í tilkynningunni er haft eftir Sergio Bucher forstjóra að markaðsaðstæður séu enn krefjandi og að undirliggjandi þróun á markaðinum hefði versnað í sumar. Hins vegar hafi á síðustu vikum sést merki um jákvæða þróun og fjárhagur fyrirtækisins standi vel fyrir aðdraganda jólanna sem getur verið frekur á lánsfé.

**Leigusamningar „ósveigjanlegir“**

Sir Ian Cheshire, stjórnarformaður Debenhams, sagði í viðtali við breska útvarpið í gær að stjórnendur fyrirtækisins hefðu fundið sig knúna til að senda frá sér tilkynningu á mánudaginn til þess að koma í veg fyrir orðróma sem byggðu á misskilningi um framtíð fyrirtækisins.

„Við erum ekki í greiðsluþroti,“ sagði Cheshire og hafnaði jafnframt að Debenhams væri við það að grípa til CVA-úrræðisins þó að sá möguleiki hefði ekki verið útilokaður. „Ef úrræðið er rétta leiðin fyrir fyrirtækið og hagsmunaaðila þá er sá möguleiki á borðinu en það var gefið í skyn að við værum við það að grípa til þess.“

Chesire staðfesti einnig að áætlað væri að loka verslunum en ósveigjanlegir leigusamningar gerðu Debenhams erfitt fyrir.

**Slæmt árferði**

Á þessu ári hafa reglulega birst fréttir af Debenhams í breskum miðlum vegna þeirra rekstrarerfiðleika sem fyrirtækið glímir við en það sem af er ári hefur fyrirtækið birt þrjár afkomuviðvaranir. Lakari afkomuspár urðu til þess að matsfyrirtækið Moody's lækkaði lánshæfismat Debenhams í sumar. Þá var tilkynnt í febrúar um uppsagnir á 320 verslunarstjórum og í ágúst um uppsagnir á 90 starfsmönnum í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

Versnandi rekstur hefur komið skýrt fram í hlutabréfaverði Debenhams sem hefur dregist saman um tvo þriðju frá byrjun árs og meira en 90 prósent frá því að félagið var skráð á markað árið 2006.

Samkvæmt áætlunum Debenhams frá því í fyrra gæti tíu af þeim 165 verslunum sem eru reknar undir merkjum þess í Bretlandi verið lokað á næstu fimm árum. Nú þegar hefur tveimur í suðurhluta London verið lokað en framtíð hinna átta er enn til skoðunar. Auk þess kemur til greina að smækka 30 aðrar verslanir og endursemja um leigu við leigusalana. Nýlega skilaði Debenhams fimmtungi af verslunarrými sínu í Uxbridge til leigusalans sem ráðstafaði því til verslanakeðjunnar Zara. Þá er danska keðjan Magasin du Nord komin í söluferli og er búist við að Debenhams afli 200 milljóna punda með sölunni.

Verslun Debenhams á Íslandi, sem var til húsa í 4.500 fermetra verslunarrými í Smáralind, var lokað í ársbyrjun 2017. Tugum starfsmanna var sagt upp í tengslum við lokunina en sænski tískuvörurisinn H&M kom í hennar stað. Reksturinn var undir hatti Haga en haft var eftir Finni Árnasyni, forstjóra Haga, að ekki hefði náðst samkomulag við eigendur Smáralindar um áframhaldandi leigu.

**Smásölurisar á undanhaldi**

Vandræði Debenhams eru fjarri því að vera einsdæmi í Bretlandi en margar rótgrónar verslanakeðjur þar í landi hafa glímt við rekstrarerfiðleika undanfarin misseri. Er sú þróun rakin til harðnandi samkeppni við netverslanir, veikara punds, dvínandi eftirspurnar og skuldabyrða.

Á meðal þeirra eru House of Fraser sem óskaði eftir greiðslustöðvun um miðjan ágúst og Toys 'R' Us sem mun loka öllum 75 verslunum sínum í Bandaríkjunum og Bretlandi á næstu mánuðum.

Verslanakeðjur af þessum toga eru vinsælar á meðal skortsala sem fá hlutabréf í fyrirtækjunum að láni í von um verðfall. Fimmtungur af útgefnum hlutabréfum í Debenhams hefur verið lánaður til skortsala samkvæmt umfjöllun Financial Times.

### Mike Ashley stórtapar á Debenhams

Einn af stærstu eigendum Debenhams er Mike Ashley sem fer með 30 prósenta hlut í gegnum íþróttavörukeðjuna Sports Direct. Markaðurinn greindi frá því að Sports Direct hefði keypt 60 prósenta eignarhlut Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar og fjölskyldu í verslun Sports Direct á Íslandi í febrúar fyrir 2,5 milljónir breskra punda eða sem jafngildir um 345 milljónum króna. Ashley hefur tapað verulega á fjárfestingu sinni í Debenhams en Financial Times greindi frá því um miðjan júlí að bókfært virði hlutarins hefði dregist saman um 85 milljónir punda á tólf mánuðum. Þá stóð hlutabréfaverðið í um 13 pundum en nú er það komið niður í 12,20 pund.

## Mark Carney framlengir

Mark Carney verður áfram seðlabankastjóri Englandsbanka en hann hefur framlengt samning sinn til janúarloka 2020 í samráði við Philip Hammond fjármálaráðherra.

Þegar tilkynnt var að Carney sæti áfram í stólnum sagði Hammond að hann hefði áhyggjur af því að úrsögn Breta úr Evrópusambandinu, Brexit, gæti reynst breska hagkerfinu erfið. Nauðsynlegt væri að „tryggja samfellu yfir tímabil sem gæti orðið stormasamt“. Hammond sagði jafnframt að Carney myndi „styðja við mjúka úrsögn úr Evrópusambandinu“ en í bréfaskriftum á milli þeirra tveggja mun Carney hafa heitið því að vinna að farsælu Brexit.

Framlenging á setu Carneys í seðlabankastjórastólnum gefur ríkisstjórninni lengri frest til að finna eftirmann hans. Í frétt breska ríkisútvarpsins um málið segir að áhyggjur séu af því að fáir vilji taka við keflinu á jafn ófyrirsjáanlegum tímum í Bretlandi.

Carney tók við af Mervyn King árið 2013 en hann starfaði áður hjá Goldman Sachs í New York, fjármálaráðuneyti Kanada og sem seðlabankastjóri Kanadabanka. Hann samdi til fimm ára en samningurinn kvað á um möguleika á að framlengja um þrjú ár. **– tfh**

**Nauðsynlegt er að tryggja samfellu yfir tímabil sem gæti orðið stormasamt.**

Philip Hammond, fjármálaráðherra Bretlands



## Olíuverð hækkaði um tvö prósent

Olíuverð hækkaði um meira en tvö prósent í gær vegna væntanlegra refsiaðgerða Bandaríkjanna gegn Íran sem hefta útflutning á olíu frá Íran og draga þannig úr heimsframboði.

Frá því að ríkisstjórn Trumps tilkynnti um refsiaðgerðirnar í vor hefur áhættuálag lagst ofan á olíuverðið sem á að endurspegla mögulegan samdrátt olíuframboðs þegar útflutningur frá OPEC-ríki er heftur. Fyrirhugað er að refsiaðgerðirnar hefjist 4. nóvember og hefur áhættuálagið aukist eftir því sem nær dregur.

„Óttast er að refsiaðgerðirnar verði svo árangursríkar að þær taki meiri olíu af markaðinum en OPEC-ríki og önnur olíuríki geta bætt upp,“ segir Andrew Lipow markaðsgreinandi í samtali við fréttastofu Reuters.

Yfirvöld í Washington skipuðu bandamönnum sínum að draga úr innflutningi á íranskri olíu og nokkur Asíulönd, meðal annars Suður-Kórea, Japan og Indland, virðast ætla að fylgja fyrirmælunum, að því er Reuters greinir frá.

Hópur OPEC-ríkja og annarra olíuríkja hefur lagst á eitt til að takmarka olíuframboð frá því í janúar 2017 en samhliða 40 prósenta verðhækkun síðan þá hefur þrýstingur frá öðrum löndum um framboðsaukningu vaxið.

Afleiðuverð fyrir Brent-olíu hækkaði um 1,67 dali og stóð í rétt rúmum 79 dölum eftir hækkunina. **– tfh**



Olíuverð hefur hækkað undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

**Óttast er að refsiaðgerðirnar verði svo árángursríkar að þær taki meiri olíu af markaðinum en OPEC-ríki og önnur olíuríki geta bætt upp.**

Andrew Lipow, markaðgreinandi á olíumarkaði.

ÞÚ í stafrænum heimi

# Haustráðstefna Advania

## 21. september 2018

42 fyrirlestrar á einum degi. Ráðstefnan er öflugur vettvangur til að sækja innblástur og fræðast um stefnur og strauma í tækni.

Tryggðu þér miða á **forkaupsverði fyrir 14. september**.
Í fyrra var uppselt á ráðstefnuna.



Kynntu þér dagskrána og skráðu þig á **advania.is**

advania




KJALLARINN
SVÍN VIRKAR
FYRIR HÓPA

**Í KJALLARANUM á Sæta Svíninu er skemmtilegur salur fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.**

Hann er frábær fyrir alls konar tilefni; árshátíðir, hádegis- eða kvöldverð, veislur, vinnufundi, kokteilboð, bjórkvöld eða fyrir „Happy Hour“ eftir vinnu.

FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA

- Sæti fyrir allt að 50 manns, fleiri í standandi veislu
- Skjávarpi, tjald og músík græjur
- Karíókí græjur
- Bar
- Frábær staðsetning í hjarta Reykjavíkur

Í boði eru fjölbreyttar veitingar; girnilegir hópmatseðlar, spennandi veitingar fyrir standandi veislur og auðvitað fljótandi veigar.

**Við hlökkum til að taka á móti þínum hóp!**



ELDHÚSIÐ ER OPIÐ 11.30–23.30

SÆTA SVÍNIÐ // Hafnarstræti 1–3 / Sími 555 2900 / saetasvinid.is




Andri Már Ingólfsson er forstjóri Primera Travel Group sem rekur ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlutafé Primera Travel aukið um 2,4 milljarða

**Primera Travel Group, sem rekur ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum, lauk fjárhagslegri endurskipulagningu í maí. Forstjórinn segir árangursríkan viðsnúning hafa orðið á rekstrinum. Primera Air er að ljúka 5,2 milljarða fjármögnun.**

Hlutafé Primera Travel Group var aukið um 18 milljónir evra, sem jafngildir 2,4 milljörðum króna miðað við núverandi gengi, fyrr á árinu. Félagið lauk fjárhagslegri endurskipulagningu í maí síðastliðnum sem fól meðal annars í sér að skuldum upp á 14,7 milljónir evra var breytt í hlutafé og þá var félaginu jafnframt lagt til nýtt hlutafé að fjárhæð 3,3 milljónir evra.

Andri Már Ingólfsson, forstjóri og eigandi Primera Travel Group, segir árangursríkum viðsnúningi á rekstri félagsins nú lokið eftir þriggja ára langt ferli sem hafi falið í sér endurskipulagningu á sameþættingu á sex fyrirtækjum í fimm löndum. Í kjölfar endurskipulagningarinnar er eigið fé 5,8 milljarðar, eiginfjárhlutfallið 33 prósent og heildareignir 18 milljarðar króna. Þá lækkuðu skuldir um 46,9 milljónir evra og nema nú 60,2 milljónum evra.

Gert er ráð fyrir að félagið hagnist um 748 milljónir króna í ár en til samanburðar var rekstrarhagnaður félagsins 196 milljónir króna í fyrra. Félagið tapaði um 720 milljónum á síðasta ári en í kjölfar lokunar skrifstofa, uppsagna og niðurfærslu á eldri kerfum var viðskiptavild færð niður um 500 milljónir króna á árinu.

Primera Travel Group rekur ferðaskrifstofur á Norðurlöndum, meðal annars Bravo Tours í Danmörku, Solresor í Svíþjóð, Solia í Noregi, Matkavekka í Finnlandi og Heimsferðir og Terranova hér á landi.

Andri Már segir öll fyrirtæki félagsins hafa verið færð á nýjan tækni- og gagnagrunn en það hafi aukið beina sölu á vefnum úr 20 prósentum í 75 prósent af heildarsölu. Til þess að það væri hægt hafi þurft að stokka reksturinn upp frá grunni.

„Ný tækni gefur gríðarleg tækifæri til vaxtar, þar sem félagið getur nú opnað fyrir sölu í fleiri löndum með lágmarksfjárfestingu. Á þessu ári verður opnað í Bretlandi og á árinu 2019 verður horft til fleiri markaða. Félagið á nú sínar eigin vefsölulausnir sem eru lykillinn að framtíðarsölu og tenginu við alla helstu birgja í heiminum, bæði í flugi og gistimöguleikum.

Á næstu fimm árum mun nánast öll sala á ferðum eiga sér stað á vefnum og aðeins þau fyrirtæki sem geta boðið þjónustu sína með réttum tæknilausnum hafa möguleika til vaxtar,“ segir Andri Már. Hann nefnir að á síðustu þremur árum hafi þurft að endurskoða allan fastan kostnað félagsins. 55 skrifstofum hafi verið lokað í þremur löndum, 200 starfsmönnum verið sagt upp og ráða hafi þurft nýja stjórnendur.

„Það tók heilu ári lengur að innleiða nýtt sölu- og bókunarkerfi en upphaflega var áætlað og á meðan þurftu félögin að reka tvöföld kerfi, sem var óhemju dýrt. Mikið af þessum kostnaði féll til á árunum 2016 og 2017. Þessum breytingum er nú lokið og er horft til 8 prósenta vaxtar á árinu 2018 og um 15 prósenta vaxtar á árinu 2019, þar sem möguleikar til vefsölu verða fullnýttir.“ **kristinningi@frettabladid.is**

## Primera Air sækir sér 5,2 milljarða króna

Andri Már segir að flugfélagið Primera Air sé um þessar mundir að ljúka langtímafjármögnun upp á 40 milljónir evra, 5,2 milljarða króna, til þess að styðja við fyrirséðan vöxt á næsta ári.

„Langtímafjármögnun þessi er á móti hagnaði af sölu flugvéla sem félagið fékk á einstökum kjörum frá Boeing og er litið á þetta sem brúarfjármögnun þar til hagnaður er innleystur. Verið er að klára skuldabréfaútgáfu vegna þessa ásamt fjármögnun frá viðskiptabanka félagsins,“ nefnir hann.

Velta flugfélagsins var 23,7 milljarðar króna á síðasta ári og stefnir í 32 milljarða króna á þessu ári, að sögn Andra Más. EBITDA-hagnaður félagsins var 604 milljónir króna á síðasta ári.

**38**

**milljarðar króna var velta Primera Travel Group í fyrra.**

# Sena kaupir meirihluta í CP Reykjavík

Sena hefur keypt meirihluta í ráðstefnu-, viðburða- og hvataferðafyrirtækinu CP Reykjavík. Eigendur þess verða áfram í eigendahópi fyrirtækisins. Markmið viðskiptanna er að styrkja undirstöður rekstrar Senu Live og CP Reykjavíkur. Fyrirtækin starfa á aðskildum mörkuðum en sú þekking sem þau hafa byggt upp mun nýtast á víxl. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Marín Magnúsdóttir og Lára B. Pétursdóttir stofnuðu CP Reykjavík, eru lykilstarfsmenn og eigendur fyrirtækisins.



**Jón Diðrik Jónsson, framkvæmdastjóri Senu.**

„Sena Live starfar á einstaklingsmarkaði meðan CP Reykjavík er á fyrirtækja- og hópamarkaði. Við hlökkum til að geta boðið einstaklingum og fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu þar sem sameiginlegur sköpunarkraftur þessara tveggja afla kemur saman,“ segir Jón Diðrik Jónsson, framkvæmdastjóri Senu.

CP Reykjavík velti 880 milljónum króna í fyrra en tekjurnar drógust saman um 4 prósent á milli ára. Fyrirtækið tapaði 25 milljónum króna í fyrra og 11 milljónum króna árið áður. **– hvj**


14. SEPTEMBER
á Grand Hótel Reykjavík
Creative data
Skapandi notkun gagna í markaðssetningu
KROSSMIÐLUN
Markaðsráðstefnan Krossmiðlun er nú haldin í fimmta sinn. Viðburður sem markaðsfólk og annað áhugafólk um nýjustu stefnur og strauma lætur ekki framhjá sér fara.
BAKER LAMBERT
Global Data Director hjá TBWA á heimsvísu
SAMI SALMENKIVI
Yfirmaður stefnumótunar hjá TBWA á heimsvísu
EDDA BLUMENSTEIN
Ráðgjafi í Omni Channel stefnumótun
SUE B. ZIMMERMAN
Frumkvöðull og sérfræðingur í Instagram-markaðssetningu
ELVAR PÁLL SIGURÐSSON
Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu hjá Pipar\TBWA
ATLI FANNAR BJARKASON
Nútímamaður og sjónvarpsstjarna verður ráðstefnustjóri
Miðasala á krossmidlun.is
Pipar\TBWA

# Fyrirheit stjórnvalda skiptu sköpum

**Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að afnema þak vegna endurgreiðslna á rannsóknar- og þróunarkostnaði höfðu umtalsverð áhrif á þá ákvörðun Pearl Abyss að kaupa CCP. Forstjóri CCP segir að miklu máli skipti hversu samkeppnishæft umhverfi stjórnvöld smíða.**

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, segir áætlanir stjórnvalda hafa skipt miklu máli í söluferli tölvuleikjaframleiðandans enda hafi kaupandinn, suðurkóreska leikjafyrirtækið Pearl Abyss, skoðað á síðustu metrunum bæði stjórnarsáttmála og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

„Sú staðreynd að fram kemur í fjármálaáætlun að lyfta eigi af þökum vegna endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði var stórt atriði fyrir alla aðila og hafði áhrif á niðurstöðuna og mun halda áfram að hafa áhrif á uppbyggingu CCP í Reykjavík,“ segir Hilmar Veigar.

Risakaup suðurkóreska fyrirtækisins á CCP fyrir jafnvirði 48 milljarða króna eru mikil viðurkenning fyrir íslenska hugverkageirann, að mati Tryggva Hjaltasonar, framleiðanda hjá CCP og nýkjörins formanns hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins. „Salan setur okkur að mörgu leyti á kortið og er vonandi upphafið að einhverju stóru. Hún staðfestir að stórt tölvuleikjafyrirtæki, sérfræðingar í þessum bransa, telur að hugvit sem var byggt upp alfarið hér á landi sé 48 milljarða króna virði,“ segir Tryggvi.

Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður nýsköpunar hjá Arion banka, segir söluna á CCP sýna að hægt sé að búa til tugmilljarða króna fyrirtæki á Íslandi.

„Það eru að verða til æ fleiri fyrirtæki hér á landi sem byggja á hugviti. Fyrirtæki sem hafa skalanleg viðskiptamódel og eiga heima á alþjóðamarkaði. Það eru þau fyrirtæki sem við munum vonandi eiga mikið undir sem þjóð,“ nefnir Einar Gunnar.

Tilkynnt var um kaup suðurkóreska tölvuleikjafyrirtækisins, sem er framleiðandi fjölspilunarleiksins Black Desert Online, á öllu hlutafé í CCP síðasta fimmtudag. Um er að ræða stærstu sölu á íslensku tæknifyrirtæki frá upphafi. Verðmiðinn, 425 milljónir dala, er um 10 milljónum dala hærri en verðmiði Decode þegar fyrirtækið var selt til bandaríska lyfjaframleiðslufyrirtækisins Amgen árið 2012. Verðið í þeim viðskiptum nam 415 milljónum dala eða sem jafngildir tæplega 47 milljörðum króna miðað við núverandi gengi.

Hilmar Veigar segir að áhugavert hafi verið að sjá hvernig kaupandinn lagðist í vinnu við að meta stöðugleika stjórnvalda og líkurnar á því að stjórnvöld myndu standa við fyrirheit sín um að afnema endurgreiðsluþakið. Félagið hafi meðal annars haft samband við sérfræðinga innanlands til þess að framkvæma umrætt mat.

„Á endanum töldu þeir að þessar áætlanir stjórnvalda væru nógu áreiðanlegar til þess að taka tillit til þeirra í þessu ferli. Eins og ég hef sagt oft áður: við störfum í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og þar skiptir gríðarlega miklu máli hversu samkeppnishæft umhverfi stjórnvöld smíða, sérstaklega þegar kemur að þáttum eins og stuðningi við rannsóknir- og þróunarstarf,“ segir Hilmar Veigar.

CCP og önnur nýsköpunarfyrirtæki hafa lengi kallað eftir því að umræddu þaki verði lyft af, rétt eins og gert hefur verið í mörgum samkeppnislöndum Íslands, en þau segja þakið senda þau röngu skilaboð að um leið og fyrirtæki stækka eigi þau betur heima annars staðar en hér á landi.



Suðurkóreska leikjafyrirtækið Pearl Abyss sér engar breytingar fyrir sér á uppbyggingu CCP hér á landi í kjölfar kaupanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Stórar sölur tæknifyrirtækja á síðustu árum**
Í milljónum dala




### Loforð ríkisins hafði áhrif

Tryggvi segir að í hugverkageiranum skipti það miklu máli að umhverfið sé alþjóðlega samkeppnishæft. „Stærsta einstaka aðgerðin sem stjórnvöld geta ráðist í til þess að gera Ísland samkeppnishæft er að afnema þak vegna endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði,“ nefnir hann. „Það er eitthvað sem mörg stórfyrirtæki horfa til. Við gætum laðað hingað til lands stór, alþjóðleg verkefni með því að lyfta þakinu af. Það er til mikils að vinna enda verða þau verkefni sem koma hingað til lands eins konar „þekkingarmargfaldarar“,“ segir Tryggvi.

Með hverju verkefni verði til bæði þekking og verðmæti í íslenska hagkerfinu sem að jafnaði auki líkurnar á fleiri slíkum verkefnum.

„Stjórnvöld hafa heitið því í fjármálaáætlun sinni að afnema þetta þak. Það hafði áhrif við söluna,“ bendir Tryggvi á. „Þetta skiptir máli þegar fyrirtæki spyrja sig hvar þau eigi að staðsetja uppbyggingu á rannsóknum og þróun í framtíðinni. Gera þau það í íslenska hagkerfinu, því við erum samkeppnishæf, eða gera þau það í öðrum löndum því við erum ekki samkeppnishæf? Það er stóra spurningin.

Salan er að setja okkur á kortið og staðfestir að umhverfið hér á landi sé að verða samkeppnishæft. Við erum allavega á leiðinni í þá áttina,“ segir Tryggvi.

### Stór vika í geiranum

Í sömu viku og greint var frá sölunni á CCP bárust fleiri stórar fregnir úr íslenska nýsköpunarumhverfinu. Þannig var tilkynnt um að bandaríska eignastýringarfyrirtækið State Street Global Advisors hefði fjárfest í Guide to Iceland fyrir 20 milljónir dala, jafnvirði 2,3 milljarða króna, og eignast þannig 20 prósenta hlut í íslenska ferðasölufyrirtækinu. Er Guide to Iceland því metið á ríflega 11 milljarða króna í viðskiptunum.

**Við störfum í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og þar skiptir gríðarlega miklu máli hversu samkeppnishæft umhverfi stjórnvöld smíða.**

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP



**Salan setur okkur að mörgu leyti á kortið og er vonandi upphafið að einhverju stóru.**

Tryggvi Hjaltason, formaður hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins



**Þetta eru ekki bara einhverjir unglingar að dúlla sér í tölvunni.**

Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður nýsköpunar hjá Arion banka



Einnig bárust fregnir af því að tölvuleikjafyrirtækið 1939 Games hefði lokið tveggja milljóna dala hlutafjáraukningu en þrjú félög stóðu að fjárfestingunni: kínverski tæknirisinn Tencent, sem er á meðal tíu stærstu skráðra fyrirtækja heims, finnski fjárfestingarsjóðurinn Sisu Game Ventures og íslenski fjárfestingarsjóðurinn Crowberry Capital. Því til viðbótar tryggði hugbúnaðarfyrirtækið TripCreator sér 8 milljóna dala fjármögnun frá fjárfestum en forsvarsmenn félagsins tilkynntu um leið að þeir hefðu opnað söluskrifstofur í Lundúnum og New York en til stendur að flytja höfuðstöðvarnar til síðarnefndu borgarinnar fyrir lok ársins.

Einar Gunnar segir að umrædd fjárfesting suðurkóreska leikjafyrirtækisins sem og aðrar stórar fjárfestingar í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum á síðustu árum séu til marks um gróskuna í nýsköpunarumhverfinu. „Þetta eru ekki bara einhverjir unglingar að dúlla sér í tölvunni,“ nefnir hann.

Einar Gunnar tekur sem dæmi að Datamarket hafi verið selt fyrir hátt í tvo milljarða króna árið 2014 og Greenqloud fyrir ríflega fimm milljarða í fyrra. Nú sé verið að selja CCP fyrir 46 milljarða. Á sama tíma séu Guide to Iceland og 1939 að fá erlenda fjárfestingu ásamt fleiri góðum fyrirtækjum síðastliðin tvö til þrjú ár.

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups, segir söluna á CCP marka ákveðin vatnaskil. „Um er að ræða stærstu sölu tæknifyrirtækis síðan Decode var selt árið 2012. Salan vekur verðskuldaða athygli fjárfesta og fjölmiðla í hinu alþjóðlega nýsköpunarumhverfi og því fylgja dýrmæt tækifæri fyrir okkur til að nýta þann meðbyr og draga fram önnur áhugaverð fjárfestingartækifæri,“ nefnir hún.

Til samanburðar bendir Tryggvi

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 12. SEPTEMBER 2018

# Reyni að stilla mig

Dóra Welding er með hundadellu á háu stigi. Hún á tvo hvutta og safnar hundastyttum í gríð og erg. →2



Dóra Welding er lyfjatæknir og einkaþjálfari með mikið dálæti á hundum. Í fangi hennar er Lilli litli og við fætur hennar öldungurinn Benni. MYNDIR/EYÞÓR


# LAGERSALA

## aðeins í 3 daga!

**fimm.13/9, föstud. 14/9 og laugard.15/9 - Opið er frá 10-18 nema laugard. 10-16**

verðlistinn **Suðurlandsbraut 30 - s. 553 3755**



Schäferhundurinn er í dálæti en líka franski bolabíturinn.



Beethoven-hundurinn var sumargjöf Dóru til sjálfrar sín.

Framhald af forsíðu ➜

Ég byrjaði að safna hundastyttum vegna þess að ég hafði ekki tækifæri til að vera með marga lifandi hunda heima. Helst vildi ég eiga þá fimm stóra en maðurinn minn segir yfirdrifið nóg að vera með tvo hunda á heimilinu í einu. Ég bæti því upp hundaleysið með hundastyttunum,“ segir Dóra Welding sem er lyfjatæknir, einkaþjálfari og mikil hundakona.

Komin eru tuttugu ár síðan Dóra hóf að sanka að sér huggulegum hundastyttum úr óvæntum áttum.

„Margir hafa gaukað að mér hundastyttum úr herbergjum barna sinna, sem þeim hefur þá þótt orðið forljótar og ætlað að setja í Sorpu en ég tek því öllu fegins hendi og finnst allt jafn fagurt,“ segir Dóra brosmild.

Hundastytturnar skipta nú tugum á íðilfögru heimili Dóru og fá þar allar veglegan sess.

„Ég reyni að koma þeim snoturt fyrir og svo kemur jólaskrautið ofan á allt saman. Ég hreinlega tími ekki að pakka hundunum niður fyrir hátíðarnar enda vil ég að hundarnir mínir upplifi jóladýrðina með fjölskyldunni, jafnt lifandi sem dauðir,“ segir hún hlæjandi.

## Maðurinn fékk taugaáfall

Eiginmaður Dóru, Hinrik Þráinsson bílasmiður, er fyrir löngu hættur að kippa sér upp við söfnunaráráttu konu sinnar.

„Hann vonast bara til að fara á undan mér yfir móðuna miklu því ellegar lendi hann í vanda með að koma styttunum fyrir. Ég hef haft yndi af hvers kyns punti síðan ég man eftir mér og get lítið að því gert. Það er í móðurættinni að safna fallegu puntdóti og þaðan fæ ég mikla og stöðuga hvatningu til að safna enn meira. Við móðursystir mín erum samtaka í þessu og þegar ég passa fyrir hana kettina fæ ég ávallt hundastyttu að launum,“ segir Dóra þakklát og alltaf á höttunum eftir nýjum hundastyttum.

„Ég hef aðeins dottið inn á Bland.is og antíksölusíður á Facebook og maðurinn minn fékk nánast taugaáfall eitt kvöldið þegar hann leit óvart yfir öxlina á mér uppi í rúmi og hrópaði upp yfir sig: „Ekki ertu að segja mér að þú sért líka á sölusíðunum, Dóra!“ Hann bara bilaðist því honum var svo brugðið og varð svo hræddur, en ég reyni eins og ég get að stilla mig,“ segir Dóra og hlær dátt.

## Hundastyttur í eldhússkápum

Dóra hefur gaman af því að ramba á milli antíkbúða og skoða, sér í lagi á ferðalögum í útlöndum og dettur þá gjarnan ein og ein stytta í pokann.

„Ég sakna antíkbúðar Fríðu Frænku alveg svakalega. Þar hékk ég oft tímunum saman við að skoða og datt reglulega í svakalegan lukkupott eins og þegar ég fann þar dásamlega fallegan, svartan, þýskan fjárhund. Nú er ég með í pössun stóra styttu af frönskum bolabít fyrir dóttur mína og vona svo innilega að hún komi honum ekki fyrir í nýju íbúðinni sinni. Uppáhaldið mitt er þó gamall og sjúskaður Schäfer-varðhundur sem ég fann í Húsi fiðrildanna á sínum tíma, en ég heillast mest af gamaldags antíkhundastyttum.“

Það eru þó ekki bara hundastyttur sem prýða híbýli Dóru því þar er líka að finna forláta hundalampa, glæsilegt hundamálverk úr dánarbúi, hundapúða og hundahandklæði.

„Ég er reyndar enn að safna hundastyttum í eldhússkápana. Maðurinn minn spurði hvort meiningin hefði ekki verið að nýta skápana fyrir matarstell en mér finnst gaman að hnjóta þar um eina og eina hundastyttu. Ég kaupi líka mikið af hundapunti í flottu búðunum í Ameríku og stelst alltaf til að kaupa mér eitt og eitt viskastykki,“ segir Dóra kímin.

„Í raun er mér varla viðbjargandi. Ein jólin náði ég að flengjast upp í Efra-Breiðholt vestan af Nesi til að ná í gamla hundastyttu í heimahús á meðan jólasteikin mallaði í ofninum, en allt þetta hef ég fengið á fínum prísum og ekki þurft að punga miklu út.“

## Í hundabíó með hvuttunum

Dóra á tvo lifandi Shih-tzu hunda; Benna sem er ellefu ára og Lilla sem er fimm ára.

„Ég vil alltaf eiga tvo hunda því það er svo gaman fyrir þá að hafa félagsskap hvor af öðrum. Ég er þó meira fyrir stóra hunda og átti eitt sinn risastóran Biard-hund. Ég er nú komin með samþykki frá húsbóndanum fyrir stórum hundi þegar þar að kemur. Benni er orðinn ellefu ára og aldraður. Hann var lengi að samþykkja Lilla inn á heimilið og varð pirraður á hvolpalátunum í honum en nú eru þeir orðnir nánir og góðir vinir. Þeir kyssast á morgnana og verða ómögulegir ef annar er tekinn frá. Það er dásamlegt að sjá vináttuna þeirra á milli og hvernig Lilli þvær eyrun á Benna á morgnana. Að eiga hund veitir svo mikla gleði, svo ég tali nú ekki um alla útivistina og göngutúrana. Hundar eru sannir gleðigjafar og traustir vinir, félagsskapurinn er indæll og það er svo gott að þykja vænt um svo saklausar sálir,“ segir Dóra sem átt hefur fimm hunda um dagana.

„Einn átti ég aðeins í fjóra daga. Það var St. Bernharðs-hvolpur sem ég fékk gefins frá ræktanda en þar setti maðurinn minn mér stólinn fyrir dyrnar og sagði að annaðhvort hann eða hundurinn færi af heimilinu. Ég valdi vitaskuld Hinna en grét í heilan dag.“

Dóra segir hundastyttusafnið vekja eftirtekt gesta sem segi heimilið minna á safn.

„Ég segi nú ekki að ég skreyti heimilið fyrir hundana mína en þeir gefa gaum að kollegum sínum sem blasa við í öllum hornum. Ég er líka sjúk í hundabíómyndir og ef það er hundamynd í sjónvarpinu horfa þeir Benni og Lilli með. Ég hef reynt að lafa í gegnum sorglegu Lassie-myndirnar með þeim og get sem betur fer horft á hundamyndir með barnabarninu. Verst hvað þær eru oft sorglegar en þá skælum við bara saman, þótt ég reyni auðvitað hvað ég get að harka af mér.“










**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Skrifstofan

MIÐVIKUDAGUR 12. SEPTEMBER 2018

Kynningar: Múlalundur, Hirzlan



## Meira en möppur á Múlalundi

Múlalundur vinnustofa SÍBS býður fyrirtækjum og einstaklingum allt fyrir skrifstofuna og skapar um leið tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Úrval og verð kemur þægilega á óvart. →2

Sigurður Viktor Úlfarsson er framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS við Reykjalund í Mosfellsbæ. MYND/EYÞÓR



Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem framleiða gæðavörur sem notaðar eru víða um land. MYNDIR/EYÞÓR



Vistvænt og endurnýtt plast er notað í framleiðsluvörur Múlalundar.



Á Múlalundi fær fólk sem hefur skerta starfsorku tækifæri til atvinnuþátttöku.

Framhald af forsíðu ➜

Á Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Við segjum stundum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, að panta skrifstofuvörur frá Múlalundi, sem hvort eð er þarf að kaupa, og fá þær sendar daginn eftir," segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS.

Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem kjölfar slyss eða heilsubrests hafa þurft að takast á við andlegar og líkamlegar fatlanir og veikindi.

„Það er sannarlega ánægjulegt þegar fyrirtæki flétta samfélagslegu verkefni saman við eigin daglega rekstur með því að kaupa skrifstofuvörurnar af Múlalundi. Með því fá þau gæðavörur og þjónustu sem aftur styður starfsfólk Múlalundar í að byggja upp sjálfstraust og þrótt með virkri þátttöku á vinnumarkaði. Fólki er enda mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu," segir Sigurður.

## Vinsæl vefverslun

Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór og vinsæl vefverslun.

„Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali skrifstofuvara, og bæði verð og úrval koma ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir," upplýsir Sigurður. Fari pöntun yfir 16.000 krónur er frí heimsending um land allt, en fyrir lægri pantanir er lágt sendingargjald.

## Pennar, pappír og dagbækur

Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna.

„Verðin hjá okkur eru vel samkeppnishæf og oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir," upplýsir Sigurður. Hann segir misskilnings gæta um að Múlalundur selji einungis eigin framleiðsluvörur, svo sem möppur og plastvasa, en þar sé einnig boðið upp á pappír, penna, töflutúss, löggiltan skjalapappír og allt mögulegt annað fyrir skrifstofuna. Hægt er að fá fjölbreytt úrval penna frá BIC, Milan, Pentel Energel og mörgum fleirum. „Á haustin býður Múlalundur landsins mesta úrval af dagbókum. Þeir sem vilja geta látið gylla eða þrykkja nöfn og fyrirtækjamerki í dagbækurnar og skapað með því vinnu í leiðinni," útskýrir Sigurður. „Margir kjósa að kaupa allar sínar skrifstofuvörur hjá Múlalundi og það styrkir okkur mikið í starfi, enda þarf ekki að fara lengra en á Múlalund eftir almennum skrifstofuvörum," segir Sigurður.

## Röð og regla með Egla

Egla-bréfabindi og -möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi.

„Hér innanhúss segjum við gjarnan: „Röð og regla með Egla"," segir Sigurður og brosir.

„Við seljum líka tímaritabox sem líta út eins og Egla-möppur og eru hugsuð fyrir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata. Með þeim er snyrtilegt að horfa yfir hillur skrifstofunnar með allt í stíl," segir Sigurður.

„Fyrirtæki geyma gjarnan gögn í möppum um ákveðinn tíma en færa þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar. Við bjóðum vitaskuld upp á allar þessar lausnir og gott betur, en Egla og fleiri vörur Múlalundar fást í öllum helstu ritfangaverslunum," segir Sigurður en Egla er íslenskt heiti og sækir uppruna sinn í Egils sögu Skallagrímssonar.

## Starfsmannaskírteini og innri markaðssetning

Múlalundur býður upp á barmmerki og hálsbönd fyrir starfsmannaskírteini, fundi og ráðstefnur. Þau eru ýmist framleidd af starfsfólki Múlalundar eða innflutt.

„Í dag merkja sífellt fleiri fyrirtæki starfsfólk sitt og þá henta barmmerki og hálsbönd vel. Þau fást í fjölmörgum litum og eru búin sérstakri öryggislæsingu sem opnast sjálfkrafa þegar rykkt er í böndin," útskýrir Sigurður.

Múlalundur framleiðir einnig músamottur sem eru vinsælar hjá fyrirtækjum til innri og ytri markaðssetningar.

„Á motturnar eru þá prentuð skilaboð til starfsmanna tengd verkferlum, gæðastöðlum, sameiginlegum markmiðum eða átaksverkefnum sem starfsmenn hafa svo við höndina í dagsins önn í orðsins fyllstu merkingu," segir Sigurður.

## Verum vandlát á plast

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.




Sigurður segir einfalt samfélagsverkefni fyrir fyrirtæki landsins að styðja við atvinnusköpun fatlaðra á Múlalundi.




Á Múlalundi fæst allt sem þarf á skrifstofuna.

„Mikilvægt er að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið."

Plastið sem Múlalundur nýtir í sína framleiðslu uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna.

„Plastið hefur evrópska vottun til notkunar við leikfangagerð þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir einnig skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina," segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu.

„Plastið sem Múlalundur nýtir er 40 til 60 prósent endurunnið og nú erum við að gera tilraunir með 100 prósent endurunna plastvasa sem vonandi koma á markað á næstu mánuðum. Hreint, vottað plast, sem er að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið."

## Öllum er mikilvægt að vinna

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happdrættis SÍBS og verður því 60 ára á næsta ári. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli og ávinningurinn er samfélagsins í heild því saman hjálpum við fleirum sem glíma skerta starfsorku að komast á vinnumarkað. Starfsemin stendur því og fellur með viðskiptavinunum okkar og í dag standa mörg fyrirtæki sig vel í að flétta daglegri starfsemi við samfélagslega ábyrgð. Með því vinna allir," segir Sigurður.

Múlalundur vinnustofa SÍBS er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Skoðið úrvalið á mulalundur.is.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is

# Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



Fyrir Á Guðmundsson starfa íslenskir hönnuðir sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripi sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.







**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is

# Skrifstofuhúsgögnin færðu í Hirzlunni

**Hirzlan í Síðumúla hefur í 25 ár flutt inn og selt gæðahúsgögn frá Danmörku og Þýskalandi. Fyrirtækið leggur megináherslu á að bjóða upp á fjölbreytt skrifstofuhúsgögn og er löngu orðið þekkt fyrir gæði, þjónustu og gott verð.**



Halldór Ingi Stefánsson og Marta Sigurjónsdóttir tylla sér á setklatta frá Tapa en í bakgrunni má sjá August símastól og fundarklefa. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Við höfum síðustu tvö ár unnið að mikilli uppbyggingu innan fyrirtækisins. Þannig einbeitum við okkur nú sérstaklega að skrifstofuhúsgögnum og höfum tekið inn fleiri vörumerki til að geta boðið upp á enn betra úrval,“ segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri Hirzlunnar.

Hirzlan hefur verið starfrækt í 25 ár og er aðili að rammasamningum Ríkiskaupa sem er gæðastimpill í sjálfu sér. Úrvalið í verslun Hirzlunnar í Síðumúla 37 er mikið en töluverð áhersla er lögð á að húsgögnin séu nútímaleg og notendavæn.

## Skrifborðsstólar frá Wagner með nýrri veltitækni

„Ýmsar rannsóknir hafa leitt í ljós að kyrrseta getur orsakað ýmis heilsufarsvandamál. Wagner Dondola skrifborðsstólarnir sem við bjóðum upp á eru útbúnir nýstárlegri veltitækni en þá færist seta stólsins með hreyfingum notandans í allar áttir. Það gerir að verkum að álagið á bakið minnkar og kemur í veg fyrir kyrrsetu. Við segjum oft að það skipti ekki máli að stóllinn hreyfist, heldur hvernig hann hreyfist,“ lýsir Halldór. Þessir stólar eru einnig með öllum þeim stillingum sem góður skrifborðsstóll þarf að hafa. Wagner Dondola stólarnir eru þýsk gæðavara og þeim fylgir tíu ára ábyrgð.

## Setið og staðið að vild

Önnur leið til að koma í veg fyrir kyrrsetu er að standa á meðan unnið er við tölvu en krafa um slíkan möguleika hefur aukist mjög meðal skrifstofufólks undanfarin ár. „Hirzlan hefur stóraukið úrval sitt á rafmagnsborðum á síðustu misserum. Hjá Hirzlunni getur þú fengið rafmagnsborð í stærðum frá 120x70 cm beinum borðum upp í 200x160 cm hornborð. Borðin má ýmist fá með einum, tveimur eða þremur mótorum. Okkur þykir minnisstýring nauðsynlegur hluti af rafmagnsborðum og því er hún innifalin í öllum okkar rafmagnsborðum,“ segir Halldór og bendir á að allir geti fundið sína draumavinnustöð í Hirzlunni.

Hirzlan býður rafmagnsborð á mjög góðu verði. Þau eru nú á tilboði en hægt er að fá rafmagnsborð frá 48.800 krónum.

## Nýir aukahlutir

Vöruval Hirzlunnar er mikið og verður æ betra. Nýlega var nokkrum nýjungum bætt við. Má þar nefna skjáarma á frábæru verði en hægt er að fá einn arm á 11.900 krónur og arm sem gerður er fyrir tvo skjái á 20.900 krónur. Önnur nýjung eru gelmottur sem fólk getur staðið á en þær lina verki í fótum og baki fyrir þá sem standa lengi á sama stað. Einnig má nefna einföld og falleg skilrúm sem standa sjálf og kosta frá 39.900 krónum.

## Falleg hönnunarvara

„Við höfum að undanförnu bætt vöruval okkar á húsgögnum fyrir opin rými, hótel, ráðstefnu- og veitingasali,“ segir Halldór. Hann nefnir sem dæmi fallega hljóðsófa, há vinnuborð, staflanlega stóla og ýmislegt fleira. Hægt er að velja á milli húsgagna frá nokkrum vörumerkjum sem eiga það sammerkt að bjóða upp á fallega hönnun.

## Persónuleg þjónusta

Hjá Hirzlunni er lögð áhersla á góða og persónulega þjónustu. „Þeir sem þurfa að panta húsgögn í ákveðið rými eða vilja draga úr hljóðvandamálum á skrifstofunni geta fengið til sín ráðgjafa frá okkur. Hann getur síðan sniðið lausnina að þeirra þörfum,“ segir Halldór.

## Áhersla á hljóðvist

Góð hljóðvist er afar mikilvæg á skrifstofum, sér í lagi í opnum rýmum. Hirzlan er með umboð fyrir hljóðplötur sem henta á veggi eða loft þar sem bergmál eða læti eru mikil. „Hljóðplöturnar eru framleiddar í Danmörku og eru með vottun sem svona vara krefst. Í sýningarsal Hirzlunnar má sjá úrval sýnishorna og bjóðum við alla velkomna að skoða og fræðast meira.“

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



Vinsælasti stóllinn. Ergo Medic með 360° Dondola veltitækni. Verð 169.900 kr.



Gelmotta, verð 12.900 kr.



Skjáarmar með gaslyftu. Til á lager fyrir einn eða tvo skjái. Verð frá 11.900 kr.



Líklega ódýrustu rafmagnsborðin á landinu. Verð frá 48.800 kr.



Sjón er sögu ríkari. Í sýningarsal Hirzlunnar í Síðumúla má sjá úrval sýnishorna. Til dæmis Wagner fundarborð og stóla eins og sjást á myndinni.



Fallegu gæðahúsgögnin frá Wagner henta mjög vel fyrir skrifstofuna eða heimilið.



Úrvalið er mikið í Hirzlunni í Síðumúla. Hexa húsgögn eru til dæmis kjörin fyrir opin vinnurými.



Hjá Hirzlunni er að finna skemmtilegar hljóðvistarlausnir sem henta fyrir skrifstofuna.

# Gott loft eykur vinnuafköst

Gott inniloft hefur góð áhrif á einbeitingu, afköst og vellíðan starfsfólks. Mikilvægt er að hvorki sé of heitt né of kalt á skrifstofunni. Margar plöntur geta hreinsað loftið og framleitt súrefni.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Gæði innilofts hafa veruleg áhrif á starfsumhverfið þar sem unnin eru skrifstofustörf en óheilnæmt inniloft hefur verið viðurkennt sem áhættuþáttur fyrir heilsu manna um allan heim. Það kemur því ekki á óvart að helstu kvartanir sem berast Vinnueftirliti ríkisins vegna óþæginda í starfsumhverfi tengjast innilofti. Fólk sem vinnur við slæm loftgæði getur t.d. fundið fyrir höfuðverk, þyngslum, óþægindum í öndunarfærum og almennri vanlíðan.

## Rétt hitastig mikilvægt

Hitastig í skrifstofurými þarf að vera þannig að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum. Það má því hvorki vera of kalt né of heitt. Rangt hitastig á skrifstofu getur beinlínis haft áhrif á einbeitingu og afköst starfsfólks og dregið úr vinnugleði. Fólk í kyrrsetuvinnu er næmara fyrir hitabreytingum en þeir sem mikið eru á ferðinni. Ef vinnurýmið er of kalt bregst líkaminn þannig við að auka vöðvaspennuna með þeim afleiðingum að erfiðara verður að hreyfa fingurna, vinnuhraðinn minnkar og aukin hætta verður á að gera mistök. Ef vinnurýmið er of heitt slaknar á vöðvunum, svitamyndun eykst og syfja og drungi getur færst yfir fólk. Hitinn dregur þannig úr andlegri og líkamlegri færni starfsfólks og líkur á mistökum aukast. Kjörhitastig á skrifstofu er 20-22 gráður.

Ef skrifstofan snýr þannig að sólin skín beint inn um gluggann þarf að setja upp sérstök sólargluggatjöld eða öflugt loftræstikerfi sem heldur hitanum jöfnum. Sólargluggatjöld geta einnig dregið úr hitamollu í skrifstofurými.



Blóm lífga ekki aðeins upp á umhverfi skrifstofunnar heldur bæta þau líka inniloftið. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Fólki líður almennt betur í vinnunni ef inniloftið er í lagi og hitastigið rétt.

## Regluleg þrif nauðsynleg

Mikilvægt er að hleypa fersku lofti inn á skrifstofuna, enda tryggir góð loftræsting gott loft. Betra er að lofta hressilega út í stutta stund í einu til að fá hreint loft inn í rýmið frekar en hafa litla rifu á gluggum allan daginn.

Þá skiptir miklu máli að skrifstofan sé þrifin reglulega. Þannig er hægt að draga úr ryki en það getur haft slæm áhrif á öndunarfærin. Æskilegt er að nota umhverfisvæn hreinsiefni við þrifin, helst án ilmefna.

> Margar gerðir af blómum hreinsa loftið með því að brjóta niður varasöm efni og auk þess framleiða þau súrefni. Drekatré, friðarlilja og tengdamamma eru dæmi um slíkar plöntur.

## Blóm hreinsa loftið

Margar gerðir af blómum hreinsa loftið með því að brjóta niður varasöm efni og auk þess framleiða þau súrefni. Plöntur á borð við drekatré, friðarlilju og tengdamömmu þykja einkar góðar í þessum tilgangi. Þær þurfa ekki mikla umhirðu en þess þarf að gæta að þær fái rétta vökvun.

Upplýsingar fengnar m.a. af heimasíðu Vinnueftirlits ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Markaðurinn ER Á FRETTABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

# Þinn helsti stuðningsaðili

**10**
**ára**
**ÁBYRGÐ**

10 ára ábyrgð.
Ábyrgðarskilmála er að finna á vefnum okkar, IKEA.is.

Stillanlegur og læsanlegur bak- og sætishalli eykur jafnvægið og gerir þér kleift að stýra setstöðunni.

Netefnið í bakinu hleypir lofti í gegn og að bakinu þegar setið er lengi.

Skrifborðsstóllinn hefur verið prófaður til notkunar í atvinnuskyni og uppfyllir kröfur um öryggi, endingu og stöðugleika samkvæmt Evrópu- og ANSI/BIFMA stöðlum.

Bakið fær nauðsynlegan stuðning því sætisdýptin er stillanleg og stóllinn er með innbyggðan stuðning fyrir mjóhrygginn.



Prófað fyrir allt að 110 kg.

Hægt að bæta við örmum **3.950,-**

**JÄRVFJÄLLET skrifborðsstóll**

**25.950,-**

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **IKEA.is**



Lino, hannaður af Industrial Facility fyrir Herman Miller. Stóllinn er ætlaður bæði á skrifstofuna og á heimilið.

# Besta hönnunin

Ritstjóri hönnunartímaritsins Dezeen í Bandaríkjunum, Dan Howarth, valdi þá hönnun sem honum þótti skara fram úr á NeoCon húsgagnasýningunni sem haldin var í Chicago í júní. Hér má sjá brot af því besta sem myndi sóma sér vel á hvaða skrifstofu sem er en allan listann má sjá á vefsíðunni dezeen.com.



Newson Aluminium stóllinn eftir Marc Newson fyrir Knoll. Hinn ástralski Newson fékk innblástur frá Tugendhat stólnum eftir Ludwig Mies van der Rohe frá 1928 þegar hann hannaði þennan álstól.



Woodstock skrifstofuhúsgögn hönnuð af Mark Müller fyrir Three H.



Inside Shapes frá sænska hönnunarstúdíóinu Form Us With Love. Þetta eru teppabútar sem hægt er að raða saman á mismunandi vegu til að búa til skemmtileg form og liti. Teppin eru hönnuð fyrir Shaw Contract.



Maari stólalína eftir spænska hönnuðinn Patricia Urquiola sem hún hannaði fyrir Haworth.

# Ljúffengar eggjamúffur

Eggjamúffur eru einfaldur og hollur matur og henta vel sem létt nesti í vinnuna, bæði kaldar og upphitaðar.

Sex stykki

**1 bolli eldaður kjúklingur, skorinn í litla bita. Einnig má notast við skinku, kalkún eða góða pylsu.**
**5 eggjahvítur**
**2 egg**
**¼ bolli mjólk**
**Salt og pipar**
**¼ bolli smátt saxað spínat**
**¼ bolli rifinn cheddar-ostur.**

Hitið ofninn í 180 gráður. Þeytið saman í stórri skál eggjahvíturnar og eggin tvö. Bætið mjólkinni út í og kryddið með salti og pipar. Bætið næst spínatinu út í ásamt kjúklingnum. Smyrjið múffuformið að innan og hellið blöndunni í. Stráið ostinum jafnt yfir. Bakið í um 20 mínútur eða þar til þær eru bakaðar inn að miðju. Berið fram volgt eða kalt. Þær geymast í ísskáp í 3-4 daga.





Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll
epal

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Epalverð:
64.900.-





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

Epalverð:
89.800.-

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**ÚTSALA 1.490.000.-**
NÝTT HJÓLHÝSI.
Árg.2018,svefnpláss fyrir 3. 100% lán mögulegt, er á stöðanum.Rnr.248636.



**ÚTSALA 1.490.000.-**
NÝTT HJÓLHÝSI.
Árg.2018,svefnpláss fyrir 3. 100% lán mögulegt, er á stöðanum.Rnr.248648.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
KIA Rio Dísel. Árgerð 2012, ekinn 83 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.150576.



**100% LÁN**
VW Polo 1.2 Disel. Árgerð 2013, ekinn 127 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 980.000. Rnr.150961.



**100% LÁN**
VW Passat 1.8 TSI Highline. Árgerð 2008, ekinn 131 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 980.000. Rnr.171449.



**100% LÁN**
FORD Expedition XLT 4x4. Árgerð 2005, ekinn 109 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 980.000. Rnr.150995.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Kerrur

## Varahlutir

VAKA

BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Bílar á staðnum
**Komið** og reynsluakið

MITSUBISHI
OUTLANDER
PHEV Hybrid Instyle
Nýir bílar árgerð 2018

VERÐ
4.790
ÞÚSUND



**Hlaðnir**
aukabúnaði

- Leðursæti
- 360 gráðu myndavélakerfi
- Akreinavari
- Árekstrarvari
- Leiðsögukerfi
- Rafdrifin afturhleri
- Blindhornsviðvörun
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- og margt fleira...

**Getum útvegað aukahluti á frábæru verði:***
- Heilsársdekk **60.000** kr.
- Hleðslustöð **85.000** kr.
- Krókur **90.000** kr.

* Gildir eingöngu með nýjum Outlander frá Stóru Bílasölunni.

Bílar í ábyrgð - Allt að 90% fjármögnun - Til í ýmsum litum - Skoðum með uppítöku á öllum gerðum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

á að verðmiðinn á CCP sé um tíu milljörðum króna hærri en markaðsvirði Icelandair og jafnframt nokkuð hærri en söluverð Decode árið 2012.

Nýi eigandinn ætli sér auk þess að halda áfram uppbyggingu CCP í Reykjavík og treysti jafnframt teyminu sem leiðir CCP til þess að gera það áfram.

„Fyrir fyrirtæki eins og CCP, sem er umfram allt rannsóknar- og þróunarfyrirtæki, skiptir mestu máli hvar rannsóknar- og þróunarvinnan fer fram enda eru rannsóknir og þróun sá hluti af virðiskeðju fyrirtækja sem virðið eykst hvað mest í,“ útskýrir Tryggvi.

„Það skiptir því máli, þegar kemur að sölu sem þessari, hvar rannsóknir og þróun munu fara fram eftir söluna. Ætlar nýi eigandinn að hafa starfsemina áfram hér á landi eða ekki? Hann hefur sagt að hann sjái engar breytingar fyrir sér á uppbyggingu fyrirtækisins hvað það varðar. Hann telur að umhverfið á Íslandi sé nógu gott til þess að standa í þeirri vinnu hér. Það er mikil viðurkenning fyrir landið,“ segir Tryggvi.

**Eins og svart og hvítt**

Einar Gunnar, sem hefur starfað við nýsköpun hjá Arion banka undanfarin ár, segir margt hafa breyst til batnaðar í nýsköpunarumhverfinu sé horft til síðustu átta ára.

„Þetta ár miðað við árið 2010 er eins og svart og hvítt. Stuðningur við fyrirtækin er nú allt annar og meiri en áður, fjöldi viðburða og ráðstefna hefur stóraukist, starfandi eru þrír hraðlar og fjórir fjárfestingarsjóðir, háskólarnir hafa tekið nýsköpunarfræðslu upp á arma sína, athygli fjölmiðla er umtalsvert meiri, enda eru umsvifin orðin meiri, og aukinn fjölmiðlaáhugi gerir það vonandi að verkum að almenningur fær meiri innsýn og skilning á nýsköpunargeiranum,“ nefnir Einar Gunnar.

Snjóboltinn hafi með öðrum orðum farið stækkandi.

## Íslenski hugverkageirinn á mikilli uppleið



**Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups**

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups, bendir á að opinberar upplýsingar um heildarfjármögnun sprotafyrirtækja það sem af er ári sýni fram á verulega aukningu á milli ára. Fréttir síðustu viku bendi jafnframt sterklega til þess að hugverkageirinn sé á mikilli uppleið.

„Það vekur athygli að við erum að sjá fleiri fjárfestingar í lengra komnum fyrirtækjum og þar af leiðandi hærri upphæðir í hvert skipti. Bróðurparturinn af þessu fjármagni kemur frá alþjóðlegum fjárfestum. Sú þróun er bæði jákvæð og mikilvæg fyrir nýsköpunarumhverfið því aðgangur að fjármagni á þessu stigi hefur verið ein helsta hindrun íslenskra fyrirtækja til vaxtar.

Erlendum fjárfestingum fylgir síðan ekki eingöngu aukin fjármögnunargeta heldur einnig sérþekking innan ákveðinna atvinnugreina, eins og til dæmis í leikjaiðnaði og lyfjageiranum, sem styður áframhaldandi vöxt fyrirtækjanna,“ segir Salóme.

„Hér á landi höfum við allt til brunns að bera til að koma á fót öflugum alþjóðlegum fyrirtækjum sem byggja á hugviti.“.

Salóme segir að til að auka hagvöxt og fjölga störfum til framtíðar þurfi að styðja áfram við lengra komin fyrirtæki sem hafi alla burði til að verða alþjóðlega samkeppishæf„Með markvissum hætti þarf að bæta aðgengi að vaxtarfjármagni og styðja við sókn fyrirtækja á erlenda markaði, meðal annars með fræðslu og tengingum við leiðandi sprotasamfélög erlendis. Við þurfum einnig að efla menntun á sviðum sem styðja við nýsköpunardrifinn hagvöxt.

Sú áhersla sem nýsköpun fær meðal stjórnvalda skiptir miklu máli um framvindu mála. Það er í raun sama hvar stigið er niður fæti, hvort sem það er innan háskólasamfélagsins, atvinnulífsins eða meðal fjárfesta. Áhersla á nýsköpun er áþreifanleg. Við erum á góðri leið en betur má ef duga skal,“ segir Salóme.

Ef rýnt er í hagtölur kemur jafnframt í ljós, að sögn Einars Gunnars, að annar útflutningur en hinar hefðbundnu útflutningsstoðir sé að aukast jafnt og þétt. „Í McKinsey-skýrslunni frá árinu 2012 var talið að ef íslenska hagkerfið ætti að geta staðið undir sterkum og viðvarandi kaupmætti þyrftum við einfaldlega að búa til meira virði í hagkerfinu. Náttúruauðlindir okkar, fiskurinn og orkan, eru í eðli sínu takmarkaðar og þá er ferðaþjónustan ekki skalanleg. Við getum ekki tekið endalaust við ferðamönnum. Hins vegar er hugvitið skalanlegt og ótakmarkað,“ nefnir Einar Gunnar.

Hann segir stjórnvöld sumpart hafa hlustað á raddir úr nýsköpunargeiranum og breytt ýmsu í umhverfinu til betri vegar. „Hins vegar þarf að meitla þann stein betur hjá stjórnvöldum með virkri stefnumótun,“ tekur Einar Gunnar fram og bætir við:

„Ríkisstjórnin segist leggja áherslu á nýsköpun en við höfum ekki enn séð það almennilega í verki. Hvernig ætlar ríkisstjórnin til dæmis að búa til umhverfi þannig að fleiri fyrirtæki fái betri umgjörð til að vaxa og dafna? Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja

**455**

**milljónir dala voru samanlagðar fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum í síðustu viku.**

það að hið hreyfanlega vinnuafl með sérþekkingu kjósi að koma til Íslands og starfa hér í eftirsóttum störfum? Við eigum eftir að fá svör við þessum spurningum,“ segir Einar Gunnar.

**Þekkingu ábótavant**

Aðspurður um helstu flöskuhálsana í nýsköpunarumhverfinu segir Einar Gunnar óvissu ríkja um með hvaða hætti stjórnvöld ætli sér að styrkja umgjörð geirans enn frekar þannig að fjárfesting, hvort sem er innlend eða erlend, leiti til sprotafyrirtækja. Ríkið skorti heildarstefnu í þessum efnum.

Í öðru lagi segir Einar Gunnar takmarkað aðgengi að fjármagni hamla vexti í geiranum. „Í því sambandi skiptir miklu máli að breyta viðhorfi fjárfesta til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Fjárfestar þurfa að viðurkenna það fyrir sjálfum sér að, jú, peningar geta tapast. Það er verið að veðja á einhverja hesta og þeir munu ekki allir koma í mark.“

Hann segir þó jákvætt að lífeyrissjóðir hafi ákveðið að koma til fjárfestingum í geiranum, til dæmis í gegnum sjóðina Crowberry Capital, Eyri sprota og Frumtak.

Almennt séð segir Einar Gunnar að helstu áskoranir sprotafyrirtækja felist í sölu- og markaðsmálum á erlendum vettvangi. „Íslendingar eru frjóir og góðir í allri þróunarvinnu en þegar kemur að því að færa hana á borð mætti margt fara betur. Aðgengi að einstaklingum og fyrirtækjum er afar gott hér á landi en svo virðist sem margir frumkvöðlar átti sig ekki á því hvað heimurinn þarna úti er stór. Þar er virðingu fyrir og þekkingu á sölu- og markaðsmálum heilt yfir nokkuð ábótavant,“ nefnir Einar Gunnar.

**Erfitt að finna sérfræðiþekkingu**

Tryggvi nefnir að Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra nýsköpunarmála, hafi sett metnaðarfulla vinnu af stað við að móta nýja heildstæða nýsköpunarstefnu fyrir Ísland. „Það á eftir að koma í ljós hvað verður úr því, en miðað við vinnuna sem stjórnvöld hafa lagt í málið á að gera það vel. Það er rosalega gott merki. Mér hefur einnig fundist Þórdís skilja þennan bransa mjög vel, til dæmis miðað við hvernig hún tjáði sig opinberlega um söluna okkar.“

Aðspurður um veikleikana í umhverfinu nefnir Tryggvi meðal annars aðgang að sérfræðiþekkingu. „Við getum flutt slíka þekkingu inn en til þess þurfum við að greiða fyrir því að það sé auðvelt að laða hingað að erlenda sérfræðinga. En við getum líka byggt sérfræðiþekkinguna upp sjálf. Þar spilar menntakerfið stóra rullu. Ég má til dæmis með að hrósa Ara Kristni Jónssyni, rektor Háskólans í Reykjavík, sem hefur lyft grettistaki í þessum málum.

Ég veit að mörg fyrirtæki eiga í erfiðleikum með að finna sérfræðiþekkinguna sem þarf í þessu litla hagkerfi okkar. Ég þekki ýmis dæmi þess að fyrirtæki hafa viljað setja á laggirnar ný og metnaðarfull rannsóknar- og þróunarverkefni en hafa átt í vandræðum með það þar sem það er erfitt að finna fólk í slík verkefni á Íslandi. Þá skiptir máli hve auðvelt er að laða að erlenda sérfræðinga.“

Tryggvi nefnir einnig að aðgangur að vaxtarfjármagni sé takmarkaður. Það sé helsti „akkilesarhællinn“ í rekstrarumhverfi geirans um þessar mundir. Auk þess þurfi að bæta aðgang að mörkuðum.





ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

AUGLÝSING



Inga Dóra Hrólfsdóttir

# Veitur búa sig undir snjalla framtíð

**Veitur eru ungt fyrirtæki, stofnað í núverandi mynd árið 2014, en byggir á gömlum grunni og stendur nú á tímamótum: Ný stefna hefur verið samþykkt og Veitur ætla að vera til fyrirmyndar þegar kemur að nýsköpun og tækniþróun.**

Veitur sinna mikilvægri þjónustu í almannaþágu en veiturnar eru undirstaða samfélaga; án þeirra væru ekki borgir, bæir eða þorp.

„Nú stendur þetta unga, en þó reynslumikla, fyrirtæki á tímamótum,“ segir Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna. „Ný stefna hefur verið samþykkt þar sem horft er til langrar framtíðar og þeirra öru tæknibreytinga sem nú eiga sér stað. Við ætlum að vera til fyrirmyndar þegar kemur að nýsköpun og tækniþróun í rekstri veitukerfanna, vinnulagi og þjónustu við viðskiptavinina.“

Í nýrri stefnu Veitna eru metnaðarfull markmið. Áherslan er á trygga afhendingu rafmagns, gnægð af heitu vatni, hreinar strendur, hreint vatn og ánægða viðskiptavini. Stefnt er að sjálfbærni í rekstri og framkvæmdum og fullnýtingu orkustrauma.

„Til þess að geta staðið við þessa metnaðarfullu framtíðarsýn þurfum við að hugsa út fyrir boxið, nýta okkur tækniþróun og nýsköpun og byggja upp snjöll veitukerfi með öryggi, umhverfissjónarmið og langtímaþarfir viðskiptavina og samfélagsins alls að leiðarljósi. Við ætlum að vera leiðandi í orkuskiptum og hámarka nýtingu kerfanna.“

> „Ef lagnirnar væru lagðar saman næðu þær frá Íslandi til Sjanghæ“

Veitur eru með starfsemi víða á suðvesturhorni landsins, allt frá Grundarfirði að Hvolsvelli. Þannig þjónar fyrirtækið hátt í 75% landsmanna á einn eða annan hátt. Hátt í þúsund fasteignir tilheyra rekstrinum og væru lagnir þess lagðar saman næðu þær frá Íslandi til Sjanghæ. Veitur hafa einnig umsjón með mikilvægum auðlindum, eins og vatnsbólunum í Heiðmörk og lághitasvæðunum í Reykjavík og Mosfellsdal, svo eitthvað sé nefnt. Góð umgengni við auðlindirnar og umhverfisvernd skiptir því höfuðmáli í starfseminni.

## Öflugt þróunarstarf

„Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki. Þrátt fyrir að almenningur verði mest var við framkvæmdir okkar við veitukerfin; uppgröftinn og afhendingu rafmagns, heits og kalds vatns og fráveituna, þá er mikið þróunarstarf í gangi, oft í samvinnu við utanaðkomandi aðila. Sem dæmi má nefna djúpdæluverkefni í hitaveitunni sem er nýjung á heimsvísu, mikla gagnasöfnun á vatnstökusvæðum sem nýta á til að auka þekkingu okkar á grunnvatnsstraumum, nýting myndgreiningartækni við rannsóknir á örplasti í drykkjarvatni og verið er að vinna fyrir okkur nýtt líkan til að herma olíuslys. Þetta er aðeins lítill hluti þess sem verið er að vinna að innan fyrirtækisins en nú ætlum við að gefa í, ganga skrefinu lengra og taka fullan þátt í mótun framtíðarinnar.“




## Gott að vinna hjá Veitum

Hjá Veitum vinna um 200 starfsmenn. „Hér er samhent liðsheild með skýra sýn, markmið og umboð til framþróunar,“ segir Inga Dóra. „Við leggjum áherslu á að tryggja að til staðar sé þekking sem styður við nauðsynlega nýsköpun í rekstri veitukerfa. Hér er hlúð að hugviti og snjöllum lausnum og mikið púður sett í starfsþróun. Það er gott að vinna hjá Veitum; vel er búið að starfsfólki og starfsánægja er mikil. Þegar ég heyri skellihlátur berast úr fundarherbergjum veit ég að við erum á góðri leið.“

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

# Drauma-vinnustaðurinn




**Ragnheiður tók nýverið við starfi forstöðumanns Framkvæmda hjá Veitum. Hún kemur úr upplýsingatæknigeiranum en hafði ekki mikið velt veitustarfsemi fyrir sér áður en hún hóf störf hjá Veitum. Hún segir margt hafa komið skemmtilega á óvart.**

„Ég hef endalausan áhuga á nýsköpun og tækni og ég fann fyrir mikilli tilhlökkun og stemningu hjá Veitum gagnvart því að taka þátt í breytingum tengdum fjórðu iðnbyltingunni. Mér finnst líka skipta máli að hér starfar fjöldi fólks með mikla þekkingu, bæði verkfræðiþekkingu og iðnmenntun. Hér fer saman hugur og hönd og það er góð blanda þar sem við erum ekki bara að fara teikna upp hluti, við ætlum að framkvæma.“

Ragnheiður segir gríðarleg tækifæri vera í hugviti og verðmætasköpun.

> „Fyrir fólk í tækni-geiranum sem vill gera spennandi hluti eru Veitur réttur staður“

„Þetta er samt bara rétt að byrja og það er eitthvað í loftinu. Við viljum fanga þetta andrúmsloft hjá Veitum og ég er viss um að sú mikla gleði og orka sem er að finna hjá fyrirtækinu núna muni skila sér í spennandi og skemmtilegum verkefnum í framtíðinni. Það hjálpar til að mikil áhersla hefur verið lögð á starfsþróun og fyrirtækið stendur einnig framarlega þegar kemur að umhverfis-, öryggis-, og jafnréttismálum. Mér finnst frábært að sjá hvað jafnrétti skiptir miklu máli, það er ekki sjálfgefið í svona tæknifyrirtæki. Fyrir fólk í tæknigeiranum sem vill gera spennandi hluti og taka þátt í nýsköpun og þróun eru Veitur réttur staður. Við erum að fara inn í framtíðina og við þurfum að fá fleira hæfileikaríkt fólk með okkur til að koma okkur á næsta stig.“

---



Hans Liljendal Karlsson

# Stemning fyrir fjórðu iðnbyltingunni

**Fjórða iðnbyltingin er handan við hornið og tækni og sjálfvirkni mun á næstu árum og áratugum gerbreyta heiminum. Möguleikarnir til að nýta tæknina í veitugeiranum eru óþrjótandi.**

„Framtíðin er núna“ segir Hans Liljendal Karlsson, forstöðumaður Kerfisþróunar og stýringar. „Við vitum ekki nákvæmlega hvernig hún verður en það er okkur mjög mikilvægt að hefja ferðalagið.

Það er svo gaman þegar tæknin er komin á þennan stað sem hún komin á í dag. Nú er hægt gera eitthvað raunverulegt, við erum ekki lengur að tala um skúffuverkefni eða tilraunir heldur raunveruleg úrbótaverkefni.

> „Með því að beita gervigreindartækni á gögnin okkar munum við bæta nýtingu“

Við erum að upplifa spennandi tíma, mikil vitundarvakning er í gangi og ég hlakka til að fá fólk með mér sem er drifið áfram af frumkvöðlahugsun, fólk sem finnur nýjar leiðir og sér tækifærin til úrbóta, hagræðingar og sjálfvirkni.“

„Við ætlum að nýta nýja tækni til hins ítrasta, hvort sem um er að ræða stór gagnasöfn, gervigreind eða aðrar nýjungar,“ segir Hans. „Með því að beita gervigreindartækni á gögnin okkar munum við bæta nýtingu og þar með fara betur með auðlindirnar sem okkur er trúað fyrir.

Við ætlum að vera á tánum og taka af þrótti þátt í öllu sem nýir tímar hafa upp á að bjóða. Í raun eru einu takmarkanirnar í huga okkar sjálfra.“



# Framtíðin er snjöll – mótaðu hana með okkur!

## Við viljum ráða stjórnendur til að móta framtíðina með okkur

**Stóra stundin er runnin upp**
Við leitum að hugmyndaríku og drífandi fólki sem er tilbúið að taka þátt í nýsköpun og framþróun og móta með okkur snjalla framtíð.

## Í boði eru fjórar stjórnunarstöður í framkvæmdastjórn Veitna

**Rafveita**
Framtíð rafveitu er snjöll og felur í sér að hámarka nýtingu rafdreifikerfanna og vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum. Stjórnandi er ábyrgðarmaður rafmagns, leiðtogi sem brennur fyrir nýsköpun, tækni og öryggi.

**Fráveita**
Framtíðin felur í sér sporlausa fráveitu, blágrænar regnvatnslausnir og fræðslu til almennings. Stjórnandi fráveitu framtíðarinnar er leiðtogi sem brennur fyrir nýsköpun, samskiptum og hreinum ströndum.

**Í góðu sambandi við framtíðina**



### Vatnsveita
Framtíð kalda vatnsins felur í sér að vernda og tryggja vatnsauðlindir til framtíðar og dreifa heilnæmu vatni til íbúa. Stjórnandi vatnsveitu framtíðarinnar er leiðtogi sem brennur fyrir vatnsvernd og nýsköpun þar sem ekkert fer til spillis og uppáhaldsdrykkurinn er íslenskt vatn.

### Stefna og árangur
Framtíðarsýn og stefnuáherslur Veitna eru framsæknar og marka tímamót. Stjórnandi stefnu og árangurs er fær í að greina stóru myndina, brennur fyrir umbótum, þrífst á nýsköpun og samvinnu og elskar Lean.

### Hvers vegna Veitur?
Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavini af virðingu.

**Nánari upplýsingar á veitur.is/framtidin**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017
JAFNRÉTTISRÁÐ
VEITUR

# Hætta á að týnast í hvirfilvindinum

## Svipmynd
**Gunnar Steinn Magnússon**

Gunnar Steinn Magnússon tók við stöðu framkvæmdastjóra ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækisins Expectus um síðustu mánaðamót. Hann segist alltaf hafa átt þann draum að reka rólegt kaffihús á fáförnum stað.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*
Ég les mikið af bókum um allt milli himins og jarðar og finnst gaman að kynna mér nýja hluti. Undanfarin ár hef ég haft mikinn áhuga á því að elda góðan mat og hitta vini sem er töluvert langt frá unglingnum Gunnari Steini sem vildi helst bara tala við tölvur.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*
Sem styst. Ég er að reyna að koma fyrir rólegum kaffibolla og lestri á dagblöðum í morgunrútínunni en oftar en ekki drepur snooze-takkinn þann draum. En svo er það á leikskólann með drenginn og til vinnu.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*
Fór á frábæra ráðstefnu Ský – Með puttann á púlsinum. Þar voru meðal annars nokkrir góðir fyrirlestrar um tæknibyltinguna sem fram undan er.

*Haða bók ertu að lesa eða last síðast?*
Ég reyni alltaf að lesa bæði viðskipta- og afþreyingarbók á sama tíma og er rétt í þessu að klára tvær bækur. Measure What Matters eftir John Doerr sem er um aðferð til að skilgreina og nota árangursmælikvarða í anda Intel og Google. Samhliða því er ég að lesa skáldsöguna Dune eftir Frank Herbert. Klassísk bók um valdabaráttu.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*
Ég held að það sé hættan á því að týnast í hvirfilvindinum í vinnunni í stað þess að fókusa á þau verkefni sem mikilvægust eru til að ná árangri. Ég er svo lánsamur að fá að vinna með hæfileikaríku og kraftmiklu fólki og hef fulla trú á því að framtíðin sé björt hjá okkur.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*
Sú stafræna bylting sem hefur verið að skella á okkur undanfarin ár hefur gert það að verkum að einstaklingar og fyrirtæki eru farin að nýta sér þjónustu fyrirtækja þvert á landamæri. Þessi breyting hefur orðið til þess að rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur orðið flóknari, samkeppnisaðilar fleiri og að einhverju marki komið niður á afkomu þeirra.

Þessi nýi raunveruleiki hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum krefst breyttrar hugsunar og nýrrar nálgunar í þjónustu við viðskiptavini þar sem persónuleg þjónusta verður sífellt stafrænni, byggð á gögnum og greiningum. Að mínu mati felst stærsta áskorun fyrirtækja í dag í því að endurhanna viðskiptaferla, þjálfa starfsfólk og uppfæra tæknibúnað með gögn og greiningar sem hjarta starfseminnar án þess að missa boltann í daglegum rekstri.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Expectus á næstu árum?*
Frá því að Expectus hóf starfsemi fyrir um það bil 10 árum höfum við séð hraðar breytingar á þeirri ráðgjöf, lausnum og þjónustu sem okkar viðskiptavinir hafa verið að leita eftir. Í dag er stefnumótun fyrirtækja í auknum mæli farin að huga að stafrænni framtíð og þjónustuveitingu, oft með áherslu á innleiðingarhluta stefnunnar. Þetta hefur gert þær kröfur til okkar að geta mætt þeim þörfum með viðeigandi hugbúnaðarlausnum og ráðgjöf. Með breyttum heimi hlöðnum IoT, róbótum og gervigreind þá er von á byltingu í gagnamagni hjá fyrirtækjum og það getur gefið þeim einstaka hæfileika til að greina og skilja tækifæri í rekstrinum. Það verður mikil áskorun hjá okkur að halda áfram að vera leiðandi hér á landi í að hjálpa viðskiptavinum okkar að móta skýra framtíðarsýn og hafa tól og tæki til þess að fylgja henni eftir með viðeigandi lausnum í stafrænum heimi.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*
Ég hef alltaf átt mér þann draum að reka rólegt kaffihús á fáförnum stað. Ég veit samt ekki hversu lengi ég myndi endast áður en ég væri byrjaður að þróa aftur einhverjar lausnir.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*
Ég vona að ég verði enn að vinna með góðu fólki í hugbúnaðargerð. Það var draumurinn þegar ég var 10 ára og er það enn.


**Gunnar Steinn telur að nýr veruleiki hjá íslenskum fyrirtækjum krefjist nýrrar nálgunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Helstu drættir

**Nám:**
- B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands
- M.Sc. í hugbúnaðarverkfræði frá Technical University of Denmark
- MBA-nám frá Háskólanum í Reykjavík

**Störf:**
- Hugbúnaðarþróun hjá Modernus frá 2002 til 2006
- Hugbúnaðarþróun fyrir Verðbréfasvið Landsbankans frá 2006 til 2008
- Hugbúnaðarþróun á getraunalausnum hjá Betware árið 2009
- Hugbúnaðarþróun, ráðgjöf, sala og markaðsmál hjá Expectus 2009 til 2018
- Ráðinn framkvæmdastjóri Expectus haustið 2018

**Fjölskylduhagir:**
Kvæntur Kristínu Guðlaugsdóttur ferðamálafræðingi og við eigum einn dreng, Kára, sem er 5 ára og á fullu að læra á lífið.

# Áratugur breytinga: Ert þú að nýta styrkleika þína í starfi?




**Marta Gall Jörgensen**
viðskiptastjóri á sviði mannauðsrannsókna og ráðgjafi hjá Gallup

**Haukur Ingi Guðnason**
viðskiptastjóri á sviði mannauðsrannsókna og ráðgjafi hjá Gallup

Vinnustaðir standa frammi fyrir æ hraðari breytingum. Þróun í upplýsingatækni, sjálfvirknivæðingin, breytt gildismat nýrra kynslóða, aukin atvinnutækifæri og ýmsar samfélagslegar breytingar þýða að vinnustaðir þurfa að mæta margvíslegum áskorunum. Ef vinnustaðir ætla að ná árangri við þessar aðstæður skiptir sköpum að þeir skapi starfsfólki aðstæður sem er að skapa starfsfólki aðstæður eftirsóknarvert starfsumhverfi, til að laða að, virkja og halda í gott starfsfólk.

Ein áhrifaríkasta leiðin til árangurs er að skapa starfsfólki aðstæður og tækifæri til að efla og nýta styrkleika sína. Okkur er tamt að einblína um of á takmarkanir, eigin veikleika og annarra. En staðreyndin er sú að við erum öll ólík; það er breytilegt hvað hvetur okkur áfram og veitir okkur ánægju, við nálgumst verkefni á ólíkan hátt og förum ólíkar leiðir að sömu markmiðum. Í stað þess að steypa alla í sama mót ættu vinnustaðir að leggja kapp á að skapa styrkleikamiðað vinnuumhverfi. Umhverfi þar sem fjölbreytni er ekki einungis samþykkt, heldur nýtt á markvissan hátt.

**Nýting styrkleika á íslenskum vinnumarkaði**
„Ég hef tækifæri til að gera það sem ég kann best á hverjum degi.“




**Tryggð stafsfólks eftir því hvort það nýti styrkleika sína í starfi**
„Hve líklegt er að viðkomandi muni leita að öðru starfi á næstu 12 mánuðum.“




**Erum við að nýta styrkleika okkar?**
Í könnun sem Gallup gerði meðal starfandi fólks í ágúst síðastliðnum sögðust 73% svarenda hafa tækifæri til að nýta styrkleika sína í starfi, en tæp 10% ekki. Lítill munur var á tækifærum eftir atvinnugeirum, konur töldu sig almennt frekar nýta styrkleika sína í starfi en karlar og fólki 35 ára og eldra fannst það hafa ríkari tækifæri til þess en yngra starfsfólki. Líklega þekkir fólk betur styrkleika sína eftir því sem það eldist og hefur stundum möguleika á að laga starf sitt að hæfileikum sínum, en slíkt gerir starfsfólki kleift að nýta styrkleika sína betur en ella.

Gallup hefur gert vinnustaðagreiningar fyrir íslenska vinnustaði í ríflega 20 ár og býr yfir gagnabanka með um 150 þúsund svörum starfsmanna. Í greiningunum er meðal annars lagt mat á tækifæri fólks til að nýta styrkleika sína í starfi með staðhæfingunni „Ég hef tækifæri til að gera það sem ég kann best á hverjum degi“. Áhersla á nýtingu styrkleika hefur aukist frá upphafi mælinga, enda stjórnun orðin fagmannlegri og margfalt fleiri ljúka nú námi á sviði stjórnunar og rekstrar en fyrir tveimur áratugum. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 minnkuðu möguleikar fólks til að nýta styrkleika sína í starfi lítillega, enda drógu mörg fyrirtæki saman í mannauðstengdum málum á þeim tíma. Eftir 2012 hefur þróunin hins vegar verið í jákvæð.

**Styrkleikamiðað vinnuumhverfi**
Gallup í Bandaríkjunum kannaði áhrif styrkleikamiðaðrar nálgunar á vinnustöðum með allsherjargreiningu (e. meta-analysis) sem sýndi að nálgunin skilar vinnustöðum margvíslegum ávinningi, meðal annars í formi hagnaðar, skilvirkni, betri þjónustu, minni starfsmannaveltu og færri fjarvistum. Þegar skoðuð eru gögn Gallup af íslenskum vinnumarkaði sjáum við ekki síður áhrif. Starfsfólk sem nýtir styrkleika sína í starfi er til að mynda mun líklegra til að mæla með vinnustað sínum við aðra, er ánægðara í starfi og upplifir síður streitu. Aðeins 17% starfsfólks sem nýtir styrkleika sína segjast líkleg til að leita sér að öðru starfi, samanborið við 66% þeirra sem ekki nýta styrkleika sína. Þessi munur er áhugaverður í ljósi aukinna atvinnutækifæra og mikilvægi þess að fyrirtæki skapi samkeppnishæft vinnuumhverfi.

Mikilvægt er að vinnustaðir leggi kapp á að mæta breyttum áskorunum. Aldamótakynslóðin svokallaða kallar til að mynda í meiri mæli eftir að þróast í starfi og nýta styrkleika sína en fyrri kynslóðir. Nálgun Gallup varðandi eflingu og nýtingu styrkleika er ein sú þekktasta á heimsvísu. Nú hafa rúmlega 19 milljónir manna tekið styrkleikamat Gallup og þar af um 1% íslensku þjóðarinnar. Eins hafa um 90% af Fortune 500 fyrirtækjum nýtt styrkleikamat Gallup í starfsemi sinni.

**Aldamótakynslóðin svokallaða kallar til að mynda í meiri mæli eftir að þróast í starfi og nýta styrkleika sína en fyrri kynslóðir.**

Gallup á Íslandi hefur unnið með fjölda íslenskra fyrirtækja að því að innleiða styrkleikamiðað vinnuumhverfi. Styrkleikamat Gallup gefur okkur tungutak til að afmarka, læra um, ræða og miðla þekkingu um styrkleika okkar. Bæði til að efla eigin sjálfsþekkingu og þekkingu okkar á styrkleikum samstarfsfólks. Markviss nýting styrkleika skilar árangri, því framúrskarandi árangur byggir á því að fólk þekki styrkleika sína og hafi tækifæri til að nýta þá – þannig náum við fram því besta hjá hverjum og einum.

FERÐAKLÚBBURINN 4x4

# 35 ára afmælissýning Ferðaklúbbsins 4x4

## í Fífunni Kópavogi dagana 14.-16. sept. 2018

Yfir 100 stórglæsilegir bílar til sýnis

Frítt fyrir 14 ára og yngri

## Bílabúð Benna forsýnir nýja Musso og Rexton á sýningunni



| | |
|---|---|
| Föstudaginn | kl 18:00 - 21:00 |
| Laugardaginn | kl 11:00 - 18:00 |
| Sunnudaginn | kl 11:00 - 18:00 |

SSANGYONG

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Skotsilfur

## Helgi hættur



**Helgi Már Björgvinsson,** sem hefur verið lykilstjórnandi hjá Icelandair Group til fjölda ára, lét nýlega af störfum hjá ferðaþjónustufyrirtækinu, samkvæmt heimildum Markaðarins. Helgi Már hefur á síðustu árum sinnt verkefnum sem snúa að stefnumótun Icelandair Group en þar áður starfaði hann meðal annars sem framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs flugfélagsins og svæðisstjóri fyrir Bretland og Írland.

## Tómas nefndur



**Tómas Már Sigurðsson,** næstráðandi Alcoa á heimsvísu, er sagður meðal þeirra sem er að finna á lista stjórnar Icelandair Group yfir möguleg forstjóraefni eftir brotthvarf Björgólfs Jóhannssonar. Fáir Íslendingar hafa klifið jafn hátt upp metorðastigann hjá erlendum stórfyrirtækjum og hann. Það er því eðlilegt að stjórn hugsi til Tómasar Más, sem kvæntur var Ólöfu Nordal heitinni. Fyrirtækin tvö eiga það sameiginlegt að vera ansi háð ytri aðstæðum. Markaðsvirði Aloca er reyndar rúmlega 890 milljarðar króna á meðan markaðsvirði Icelandair Group er 40 milljarðar króna. Það er því ekki alltaf skref upp á við að taka við rótgrónum íslenskum fyrirtækjum.

## Ströng skilyrði



Skilyrðin sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fyrir yfirtöku Haga á Olís eru nokkuð ströng en Hagar þurfa meðal annars að selja frá sér þrjár Bónusverslanir, fimm bensínstöðvar Olís og ÓB og eina dagvöruverslun í Stykkishólmi. Athygli vekur að skilyrðin sem Hagar þurfa að gangast undir eru talsvert meira íþyngjandi en skilyrðin fyrir kaupum N1 á Festi en olíufélaginu ber samkvæmt þeim að selja fimm bensínstöðvar sem og eina verslun á Hellu. Munurinn þarf þó vart að koma á óvart enda hafa **Páll Gunnar Pálsson**, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, og kollegar margoft lýst áhyggjum sínum af markaðsráðandi stöðu Haga.

# Sala Nike stórjókst eftir umdeilda auglýsingaherferð




Ruðningsleikmaðurinn Colin Kaepernick prýðir auglýsingaskilti á þaki verslunar Nike í San Francisco en hann er sem kunnugt er andlit nýrrar og umdeildrar herferðar framleiðandans. Talið er að sala á vörum framleiðandans hafi aukist um nærri þriðjung eftir að herferðin hófst í síðustu viku, að sögn bandarískra fjölmiðla, en Donald Trump Bandaríkjaforseti er einn þeirra sem gagnrýnt hafa herferð Nike harðlega. NORDICPHOTOS/GETTY

# Að stýra ferðaþjónustulandi



**Jóhannes Þór Skúlason**
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónstunnar

Við upphaf þings að hausti gefst gott færi á að horfa yfir stöðu efnahagsmála í heild. Við lestur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2019, sem fjármálaráðherra kynnti í gærmorgun, leynir sér ekki að staða ríkissjóðs hefur farið batnandi ár frá ári. Svo rammt kveður að því að sérstaklega er tiltekið í fréttatilkynningu ráðuneytisins að staða efnahagsmála sé góð.

Á sama tíma og fjármálaráðherra kynnti fjárlög í gær talaði Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor um stöðu ferðaþjónustunnar á fundi hjá SAF, sem sjónvarpað var beint á vefnum. Meðal þess sem kom fram hjá Gylfa var sú staðreynd að í fyrsta sinn í sögunni hefur vöru- og þjónustujöfnuður þjóðarbúsins gagnvart öðrum ríkjum nú verið jákvæður um margra ára skeið. Það þýðir að þjóðhagslegur sparnaður á Íslandi hefur náð áður óþekktum hæðum. Gylfi orðaði það þannig að í raun væri komið upp þýskt ástand á Íslandi, nokkuð sem aldrei hefði sést áður.

### Virði ferðaþjónustunnar gríðarlegt

Ástæðan fyrir þessum viðvarandi þjóðhagslega sparnaði, því að Ísland líkist frekar Þýskalandi en Grikklandi þegar að þessum efnahagstölum kemur, er fyrst og fremst vöxtur ferðaþjónustunnar sem burðaratvinnugreinar í landinu. Áratugum saman var ein af möntrunum í íslensku efnahagslífi að það þyrfti meiri fjölbreytni í grunnatvinnuvegi landsins. Fleiri leiðir til að búa til gjaldeyri. Sá draumur virtist stundum fjarlægur, en ekki lengur.

Auðvitað er vöxtur ferðaþjónustunnar afsprengi margra samtvinnaðra þátta, en niðurstaðan er sú að orðin er til ný grundvallaratvinnugrein á Íslandi sem dælir meiri gjaldeyri inn í þjóðarbúið en sjávarútvegur og álframleiðsla samanlagt. Það er grundvallarbreyting frá því sem áður var. Grundvallarbreyting sem drífur áfram margs konar jákvæðar breytingar á efnahagslífi landsins. Ýmis einföld dæmi má setja fram til að sýna fram á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarbúið með beinum tölum. Eitt slíkt dæmi er sú staðreynd að beinar nettótekjur ríkis og sveitarfélaga af ferðaþjónustu árið 2017 námu um 60 milljörðum króna – sem jafngildir um það bil því að ferðaþjónustan hafi lagt til öll fjárframlög ríkisins til Landspítalans það ár. En hvort sem litið er á beinar tölulegar staðreyndir eða efnahagsþróun er morgunljóst að virði ferðaþjónustunnar fyrir íslenskt efnahagslíf og þjóðina í heild er orðið gríðarlegt. Ekki þarf að líta lengra en til fjárlagafrumvarpsins sem kynnt var í gærmorgun til að lesa það svart á hvítu.

Engum sem fylgist með fréttum dylst að undanfarna mánuði hefur hægt verulega á vexti ferðaþjónustunnar. Fjölmargar fréttir hafa t.d. verið fluttar af minnkandi fjöldatölum. En hausatalning segir ekki alla söguna. Kostnaðarhækkanir, m.a. vegna gengis- og launaþróunar, hafa stórlækkað framleiðni fyrirtækjanna, auk þess sem samsetning ferðamannahópsins og ferðahegðun er að breytast. Mikill samdráttur hefur orðið á kjarnamörkuðum Íslands í Mið-Evrópu og það er áminning fyrir stjórnvöld um að ferðaþjónustan er næm fyrir breytingum. Hún er atvinnugrein sem er viðkvæm fyrir áföllum. Jafnvel áform um virðisaukaskattshækkun, sem mörgum þóttu einföld, ollu mikilli óvissu um verð vorið 2017 – einmitt þegar ferðamenn voru að velta fyrir sér kaupum á sumarfríi til Íslands, eða eitthvað annað, sumarið 2018. Niðurstaðan sést í fjöldatölum sumarsins. Og þegar slíkar „smámunir“ hafa bein áhrif í harðri alþjóðlegri samkeppni getur hver ímyndað sér hvaða áhrif stærri áföll geta haft á greinina og víðtæka virðiskeðju hennar.

### Áræðni til að tryggja lífskjör

Engum getur dulist að gildi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulíf og efnahag Íslands er slíkt að til að verja eða bæta lífskjör landsmanna verða stjórnmálamenn að vera tilbúnir að taka áræðnar og jafnvel óhefðbundnar ákvarðanir til að styrkja ferðaþjónustuna sem atvinnugrein. Ráðherrar og aðrir stjórnmálamenn, sem nú rýna í stöðu efnahagsmála við upphaf þings, verða að hafa það í huga við áætlanagerð, bæði gagnvart fyrirsjáanlegri framtíð og ekki síður gagnvart hinu óvænta, að þeir stýra landi sem er farið að byggja lífsgæði íbúanna á fleiru en fiski og áli. Þeir stýra ferðaþjónustulandinu Íslandi.

# Fagmennska og gæði í ferðaþjónustu



**Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé**
rekstrarstjóri hjá Kynnisferðum, stjórnarmaður í SAF og í LeiðtogaAuði FKA

Íslensk ferðaþjónusta hefur vaxið og dafnað á alla vegu undanfarin ár. Ekki bara þegar kemur að fjölda ferðamanna og gjaldeyristekjum. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein hefur líka eflst þegar kemur að þjónustu við okkar góðu gesti sem sækja Ísland heim. Um land allt starfa metnaðarfull fyrirtæki sem daglega taka á móti ferðamönnum hvort heldur sem er í afþreyingu, í skipulagðar ferðir, í mat eða gistingu.

Upplifun ferðamanna er enda mjög góð, en hún er síður en svo sjálfsögð. Í nýjum Ferðamannapúlsi sem Gallup heldur úti í samstarfi við Isavia og Ferðamálastofu og birtur var fyrr í sumar mældist heildarupplifun ferðamanna 83,4%, eða tæpum 2% meiri en á sama tíma í fyrra. Ferðamannapúlsinn byggir á spurningum sem snúa að heildaránægju ferðamanna, hvort ferðin var peninganna virði, uppfyllti væntingar, líkur á meðmælum og gestrisni okkar heimamanna.

Íslendingar hafa alla tíð verið góðir gestgjafar og hafa gestrisni og jákvæðni einkennt viðhorf okkar til ferðamanna. Það er því ánægjulegt að sjá að í nýrri könnun MMR sem framkvæmd var fyrir Ferðamálastofu og birt var á dögunum kom fram að 68% landsmanna eru jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum, samanborið við 64% í fyrra.

Við sem störfum í ferðaþjónustu verðum að halda áfram að vanda okkur á öllum stigum, bæði gagnvart okkar góðu gestum og ekki síður heimamönnum. Ferðaþjónusta á Íslandi er ekki eins og síldarævintýri. Hún er komin til að vera sem stöndug heilsársatvinnugrein. Við verðum að hafa fagmennsku og gæði að leiðarljósi í uppbyggingu ferðaþjónustunnar til framtíðar.

Þá hefur verið frábært að fylgjast með uppbyggingu í ferðaþjónustu á undanförnum árum sem nýtist bæði ferðamönnum og ekki síður heimamönnum. Mikið nýsköpunarstarf á sér stað og er nú hægt að ganga inn í jökla, síga niður í eldfjöll, borða mat á heimsmælikvarða, baða sig í náttúrulegum heilsulindum og fara í skipulagðar ferðir um land allt þar sem virðing er borin fyrir náttúru og sögu. Hér er þó alls ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Ferðaþjónustan hefur þannig eflt byggðarlög um allt land ásamt því að styðja við aðrar atvinnugreinar. Svo er hún líka bara svo skemmtileg. Ef við höfum fagmennsku og gæði ávallt að leiðarljósi þá er framtíð ferðaþjónustunnar björt.

# Vissir þú að…

## … **allir bæklingar** prentaðir hjá Odda eru úr **umhverfisvænum pappír**?

Allur pappír er með FSC vottun (Forest Stewardship Council) og er til marks um að allur viður sem varan er unnin úr sé uppruninn úr skógum sem stjórnað er með sjálfbærum hætti. Þessi vottun tryggir ekki aðeins viðskiptavinum Odda traustari vöru, heldur styður það fyrirtækið einnig í að vinna að skýrum markmiðum sínum í umhverfismálum.

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Áratuga þekking okkar og reynsla tryggja þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum. Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.



**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000** **www.oddi.is**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 12. september 2018

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

### Réttmætar WOW hyggjur

Engu er logið þegar sagt er að íslenski markaðurinn hafi undanfarið snúist nær eingöngu um bollaleggingar er lúta að flugrekstri og framtíð flugfélaganna tveggja. Fyrst voru það endurteknar afkomuviðvaranir, hrun markaðsvirðis og forstjóraskipti hjá Icelandair. Nú er röðin komin að WOW air. Enn er ekki komin niðurstaða í margboðað skuldabréfaútboð félagsins, þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar forstjórans um að þar sjáist til lands.

Ljóst er að markaðurinn hefur áhyggjur af ástandinu. Krónan hefur veikst um 6 til 7% gagnvart helstu myntum á örskömmum tíma, og hlutabréf félaga í óskyldum rekstri hafa hríðfallið. Bréf Icelandair hafa hins vegar snarhækkað í vikunni, og er veðmálið þá að þeir muni sitja einir að kjötkötlunum leggi WOW upp laupana. Auðvitað er það svo að áhyggjur af þeim kerfislegu áhrifum sem fall WOW myndi hafa skila sér út í markaðinn. Þó það nú væri, enda flytur félagið næstum þriðja hvern farþega sem hingað kemur til landsins. Þess utan er WOW stór atvinnurekandi með yfir þúsund starfsmenn. Afleidd störf skipta svo sennilega nokkrum þúsundum.

Á örmarkaði eins og þeim íslenska munar um minna. Gleymum því heldur ekki að við höfum nú þegar fengið nasasjón af því hvers kyns tjóni fallin flugfélög geta valdið. Þýskum ferðamönnum til Íslands fækkaði um 20 þúsund í ár miðað við fyrra ár í kjölfarið á falli Air Berlin.

Ef satt er sem sagt er að Skúla hafi mistekist og hann eigi ekki í önnur hús að venda, standa íslensk stjórnvöld uppi með kunnuglegan svartapétur. Eiga þau að kenna Skúla þá lexíu að ríkið „borgi ekki skuldir óreiðumanna", eða eiga þau að hlaupa undir bagga og bjarga málunum? Gleymum því ekki að ríkið hefur áður komið Icelandair og forverum þess félags til bjargar á ögurstundu.

Ljóst er að minnsta kosti að lexían gæti orðið ansi dýr. Ferðamönnum gæti snarfækkað í einni hendingu, störf tapast og þar með skatttekjur. Gjaldmiðillinn myndi áfram veikjast hratt, að minnsta kosti til skamms tíma. Þeim stöðugleika sem hér hefur ríkt í efnahagsmálum undanfarin ár kynni að vera ógnað. Sá á kvölina sem á völina.

## Brimgarðar töpuðu 436 milljónum í fyrra

Eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem er í eigu systkinanna Eggerts Árna, Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs og Halldórs Páls Gíslabarna, tapaði 436 milljónum króna á síðasta ári, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins. Til samanburðar nam hagnaður félagsins 426 milljónum króna árið 2016.

Eigið fé Brimgarða nam 2.959 milljónum króna í lok síðasta árs en á sama tíma átti félagið eignir upp á 10.998 milljónir króna.



Gunnar Þór Gíslason.

Samkvæmt ársreikningi eignarhaldsfélagsins átti það hlutabréf í fasteignafélaginu Eik upp á 2,3 milljarða króna í lok síðasta árs en um er að ræða stærstu einstöku eign félagsins. Brimgarðar áttu á sama tíma hlutabréf í Reitum að virði 1,5 milljarðar króna og í Kviku banka að virði 541 milljón króna. Félagið fór auk þess með eignarhluti að virði um 400 milljónir króna í Icelandair Group, Bank Nordik og Heimavöllum. – kij

06.09.2018

**Það er alltaf vont að tapa peningum og sérstaklega að tapa annarra manna peningum.**

Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna






UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**




Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS


## Ásholt 3 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mið. frá kl. 17:00 til 17:30**

Glæsilegt 321,8 einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara. Aðkoma er að húsinu á efri hæð, sem skiptist í forstofu, hol, stóra borðstofu og stofu með arni, eldhús, þvottahús, þrjú til fjögur svefnh., baðh. með sturtu og baðkari og gestasalerni. Á neðri hæð er rúmgott gluggalaust rými og inngangur að auka íbúð. Sér inngangur er í aukaíbúðina á vesturhlið hússins. Um er að ræða rúmgóða tveggja herb. íbúð, með parketi á gólfum og flísalagðri forstofu og bað.. Skjólgóður suðurgarður skjólgóð með timburverönd og 28 m2 sólskála með heitum potti. **V. 93,9 m.**

## Lækjartún 5 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mið. frá kl. 17:30 til 18:00**

Fallegt 188,5 m2 einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr á stórri eignarlóð. Eignin er skráð 188,5 m2, þar af íbúðarrými 136 m2 og bílskúr 52,5 m2. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, 2-3 svefnherbergi, sjónvarpshol, eldhús, stofu og borðstofu. Eignin stendur á 1.000 m2 eignarlóð með þremur timburveröndum, leikskúr/geymsluskúr, heitum potti og stóru hellulögðu bílaplani með hitalögn. **V. 91,9 m.**

## Þrastarhöfði 26 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mið. frá kl. 18:00 til 18:30**

Mjög glæsilegt 240 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr. fallegum stað við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, rúmgóða stofu, borðstofu, fallegt eldhús, sjónvarpshol, þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, hjónasvítu með baðherbergi m/baðkari og fataherbergi, þvottahús og bílskúr. Mikil lofthæð, háar innihurðar og sérsmíðaðar innréttingar. **V. 107,9 m.**

## Bakkastaðir 101 - 112 Rvk.




**Opið hús í dag mið. frá kl. 17:15 til 17:45**

253,8 m2 einbýlishús með bílskúr innst í botnlanga og er fallegt útsýni frá húsinu. Fjögur svefnh., tvö baðh., gestasnyrtingu, geymslu, eldhús, stofu, borðstofu, sólstofu og bílskúr. Rúmgott risloft með þakgluggum. **V. 88,9 m.**

## Snorrabraut 42 - 105 Rvk.




**Opið hús fim. 13. sept. frá kl. 17:00 til 17:30**

54,6 m2, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í svefnherbergi, hol, eldhús, stofu og baðherbergi. Sérgeymsla í kjallara. Nýbúið er að múrviðgerða og steina húsið að utan. Gluggar málaðir og skipt var um rennur. Stigagangur er nýmálaður. **V. 31,9 m.**

## Dalbraut 1 - 105 Rvk.




**Opið hús fim. 13. sept. frá kl. 16:30 til 17:00**

57,4 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi, ásamt 25,9 m2 bílskúr. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, gang, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla á jarðhæð. Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Stutt í alla þjónustu. **V. 36,9 m.**

## Blikahöfði 7 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús fim. 13. sept. frá kl. 18:00 til 18:30**

Falleg og vel skipulögð 116,4 m2, 4 herbergja endaíbúð á efstu hæð með sér inngangi og glæsilegu útsýni, ásamt 27,6 m2 bílskúr. Svalir í suðvestur með glæsilegu útsýni. Vinsæl staðsetning. Mjög stutt er í skóla og leikskóla, sund og World Class. **V 51,9 m.**

## Dalatangi 16 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús fim. 13. sept. frá kl. 17:00 til 17:30**

Raðhús á tveimur hæðum við Dalatanga 16 í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 144,2 m2, þar af er bílskúr skráður 27,1 m2. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú herbergi, þvottahús, baðherbergi, geymslu og bílskúr. **V. 49,9 m.**

## Þrastarhöfði 5 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús fim.13. sept. frá kl. 17:30 til 18:00**

Falleg 125,9 m2, 5 herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílastæði í bílakjallara í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, hol, baðherbergi, þvottahús, geymslu innan íbúðar, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. Frábær staðsetning. Rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og golfvöll. **V. 52,9 m.**

## Skeljatangi 19 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús fim. 13. sept. frá kl. 18:00 til 18:30**

94,2 m2, 4ra herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Frábær staðsetning. Rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og golfvöll. **V. 41,9 m.**

## Sölkugata 1 og 3 - 270 Mosfellsbær




Falleg 213,7 m2 parhús á einni hæð með bílskúr á fallegum stað í útjaðri byggðar. Eignin skilast fullbúin að utan og tilbúin til innréttinga að innan með grófjafnaðri lóð. Fjögur svefnherbergi, eldhús, stofa og borðstofa, baðherbergi, gestasnyrting, þvottahús, forstofa, geymsla og bílskúr. **V. 73,9 m.**

## Ástu-Sólliljugata – 270 Mosfellsbær





